



Heit og ljúffeng



PIZZA

HAFNARBORG Hafnarstræti 7 • 456 3166

Gerid gamla húsið nýtt



Íbúðalánasjóður
www.ils.is



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 14. september 2006 • 32. tbl. • 23. árg.

Íbúum fækkar um 2% á milli ára

Íbúum á Vestfjörðum fækkaði um 150 frá 1. júlí 2005 til 1. júlí 2006, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um miðársmanfjölda. Í fyrra voru íbúar Vestfjarða 7.673 en eru 7.523 í ár, og er fækkunin upp á 2%. Þetta er lítið eitt meiri fækkun en frá 2004 til 2005, þegar fækkaði um 1,8%, og töluvert meiri en milli áraanna þar á undan þegar fækkaði einungis um 0,6% á öllum Vestfjörðum. Alls hefur Vestfirðingum því fækkað um 1.279 frá árinu 1997, þegar Vestfirðingar voru 8.802 talsins. Alls er það fækkun upp á 14,5%.

Til samanburðar má geta þess að á höfuðborgarsvæðinu hefur íbúum fjölgað um 16,7% á sama tíma, úr 162.653 í 189.867. Á Suðurnesjum fjölgaði íbúum um 17,2%, úr 15.694 í 18.389. Íbúum á Vesturlandi fjölgaði um 6,7% á tímabilinu, úr 13.990 í 14.934. Íbúum á Norðurlandi Vestra fækkaði, líkt og íbúum Vestfjarða, nema lítið eitt meira eða um 15,4%.

Á Norðurlandi eystra hefur íbúum fjölgað lítillega, eða um 1,3%. Íbúar á Austurlandi eru nú mun fleiri en þeir voru árið 1997, eru í dag 15.058 en voru 12.650 1. júlí 1997. Fjölgunin er upp á 19% og er hvergi jafn mikil á landinu. Loks má nefna að á Suðurlandi fjölgaði íbúum einnig nokkuð, eða um 11%. – eirikur@bb.is



Sjór gekk á land í Neðstakaupstað og er talið að nýr sjóvarnagarður hafið bjargað því að sjór kæmist í gömlu húsin í Neðsta.

Bátar losnuðu upp í Ísafjarðarhöfn

Fyrsta alvöru haustlæðin skall á vesturströnd landsins um helgina. Suðvestan rok á samt óvenju hárrí sjávarstöðu olli því að bátar í Ísafjarðarhöfn voru í hættu og þurfti að kalla út björgunarsveitir til að aðstoða hafnarstarfsmenn og eigendur bátanna við að tryggja landfestar og koma þeim í öruggt skjól. Nýja flotbryggjan í bátahöfninni losnaði upp að hluta og þurfti að koma bátum sem lágu í henni í skjól. Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri segir að á næstu dögum verði bryggjan tekin á land, ekki hafi staðið til að hún yrði á sjó í vetur. Þá sé kominn tími fyrir skemmtibátaeigendur að taka báta sína á land, haustið sé komið.

– smari@bb.is

Skora á yfirvöld að tryggja að öryggi íbúa Vestfjarða sé tryggt

Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem haldið var í upphafi mánaðarins, skorar á heilbrigðisráðherra að sjá til þess að sjúkraflugvél verði áfram staðsett á Ísafjarðarflugvelli þar sem enn hefur ekki verið settur upp búnaður til næturflugs á Þingeyrarflugvelli, sem er forsenda fyrir fullnægjandi öryggi í sjúkraflugi. Sem kunnugt er stóð til að engin sjúkraflugvél yrði á Ísafirði í

vetur en þegar bb.is ræddi við heilbrigðisráðuneytið fyrir um tveimur vikum fengust þær upplýsingar að sú ákvörðun væri í endurskoðun. Sjúkraflugi til Vestfjarða átti samkvæmt nýju fyrirkomulagi að vera sinnt frá Akureyri og hefur það vakið reiði margra Vestfirðinga sem telja að með því sé verið að minnka öryggi íbúa fjórðungsins. Þá hafa flugmenn gagnrýnt þetta fyrir-

komulag.

Fjórðungsþingið fagnaði engu að síður þeim áföngum sem náðst hafa í uppbyggingu flugvallar á Vestfjörðum, samhlíða því sem það skoraði á samgönguyfirvöld að tryggja nú þegar forsendur næturflugs og blindflugs til Þingeyrarflugvallar, auk þess sem skorad er á samgönguyfirvöld að bæta ástand flugvallar í Patrækfirði. Þá ítrekar þingið mik-

ilvægi þess að framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni verði tryggð.

Þá skoraði þingið einnig á heilbrigðisráðherra að tryggja öllum Vestfirðingum gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu og að öryggi íbúa Vestfjarða sé tryggt eins og annarra landsmanna, sérstaklega með tilliti til nýs fyrirkomulags í sjúkraflugi á Vestfjörðum.

– eirikur@bb.is



Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156



Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

úrval
Samkaup

OPIÐ:

virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21

Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“


ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER



Kongaráðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is



VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800





Sigurður á þing?

Uppi hafa verið vanga-veltur um að Sigurður Pétursson oddviti Í-listans í Ísafjarðarbæ ætli að leitast eftir sæti ofarlega á lista Samfylkingarinnar í næstu Alþingiskosningum. Sigurður segir að ekkert sé ákveðið í þeim efnum en allir möguleikar séu opnir. Vestfirskt Samfylkingar-fólk var ekki ofarlega á lista flokksins í síðustu kosningum til Alþingis og segir Sigurður það vera alveg ljóst að það sé vilji samfylkingarfólks fyrir vestan að úr því verði að bæta.

Samfylkingarfélag Ísafjarðarbæjar ætlar að funda á sunnudag og línur ættu að skýrast í næstu viku. Fundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Norð-vesturkjördæmi verður haldinn á Ísafirði 16. september. Á fundinum mun það ráðast hvaða aðferð verður beitt við uppröðun á lista fyrir kosningarnar. Anna Kristín Gunnarsdóttir þingmaður flokksins í Norðvesturkjördæmi hefur lýst því yfir að hún ætli að sækjast eftir áframhaldandi setu á Alþingi.

Enn er beðið eftir því hvað Jóhann Ársælsson, efsti maður á lista Samfylkingarinnar fyrir fjór-um árum, ætli að gera.

Starfsfólk í þjónustugrein-um fjölga

Fólki sem vinnur í þjónustugreinum á Vestfjörðum fjölgaði nokkuð frá árinu 1998 til ársins 2005. Alls unnu 2.140 einstaklingar í þjónustugeiranum árið 1998 en voru árið 2005 orðnir 2.300. Það er aukning um 7,5%. Þetta kemur fram í nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands.

Einungis 1,8% þeirra sem störfuðu í þjónustugeiranum 1998 voru með erlent ríkisfang, en árið 2005 var sú prósentutala komin upp í 2,2%. Þá er stærstur hluti starfsmanna þjónustugeirans af kvenkyni, en árið 2005 voru þær 1.470 talsins á meðan karlmenn í geiranum voru 820. Þær eru því u.þ.b. 63% af starfskraftinum, en þeir 37%.

Konum í fiskvinnslu á Vestfjörðum fækkaði um 36% á sjö árum

Starfsfólki í fiskvinnslu á Vestfjörðum fækkaði um u.þ.b. 180 einstaklinga frá árinu 1998 til ársins 2005, að því er fram kemur í nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Árið 1998 störfuðu 980 einstaklingar við fiskvinnslu, en í fyrra

voru þeir einungis 800, og er þetta samdráttur upp á rúm 18%. Þá vekur þetta sérstaklega furðu vegna þess að á sama tíma hefur karlmönnum í fiskvinnslu fjölgað, úr 450 í 460, eða um 2,2%.

Konum í greininni hefur

hins vegar fækkað um 190, úr 530 í 340, en það gerir fækkun upp á 36% á einungis sjö árum. Þá hefur fólki með erlent ríkisfang í fiskvinnslu líka fækkað mikið á tímabilinu, úr 290 einstaklingum í 210, eða um 28%. Karlmenn með er-

lent ríkisfang standa í stað, en konunum fækkar úr 190 í 110 eða um 62%.

Fólki sem starfar við fiskveiðar hefur einnig fækkað mikið, úr 860 í 460, eða um 47%. Karlmönnum sem starfa við fiskveiðar fækkaði um

47% á tímabilinu úr 680 í 360. Konum fækkaði um 44%, úr 180 í 100, og verkamönnum með erlent ríkisfang fækkaði um 20% eða 10 einstaklinga, úr 50 í 40. Allar tölur, utan prósentutölur, eru námundaðar að næsta tug. — *eirikur@bb.is*



Stærsta skip sumarsins væntanlegt aftur að ári

Sea Princess, stærsta skemmtiferðaskip sem komið hefur til Ísafjarðar, lá við ankeri í Skutulsfirði á laugardag. Skipið er 77.499 brúttótonn með hvorki fleiri né færri en nítján hundruð og fimmtíu farþega. Að vanda var gestunum boðið upp á ýmsar skemmtiferðir fyrir milligöngu Vesturferða. „Þetta gekk ljómandi vel, sérstaklega miðað við veður og vinda. Eðlilega urðu einhverjar afbókanir í Vigur vegna veðurs en þetta var stærsti dagur sumarsins með 650 manns í ferðum“, segir Anna Sigríður Ólafsdóttir sem hefur umsjón með móttöku skemmtiferðaskipa hjá Vesturferðum. Sea Princess er jafnframt síðasta skip sumarsins en 21 skemmtiferðaskip var bókað til Ísafjarðar í sumar, en nokkur skip komu tvisvar eða oft og var því í raun um 17 skip að ræða. Ríflega tvöföldun er á farþegafjölda á milli ára en síðasta sumar komu 7.245 farþegar til Ísafjarðar. Fjölgun skipa er nokkur en aðallega má þó skýra fjölgun farþega með því að skipin eru töluvert stærri en áður hefur verið. Sea Princess hefur bókað komu sína að ári og þá væntanlegt í betri árstíð eða 1. ágúst.

— *thelma@bb.is*

Hefja á vinnu að svæðis-skipulagi fyrir Vestfirði

Fjórðungsþing Vestfirðinga hefur falið stjórn Fjórðungs-sambands Vestfirðinga að kalla eftir tilnefningu sveitarstjórna á Vestfjörðum í starfs- hóp, sem vinni að undirbúningi svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Svæðisskipulagið verði framtíðarsýn fyrir Vestfirði sem byggir á samspili nýtingar náttúru, þróunar efnahags og samfélags á grunni sjálfbærrar þróunar. Í greinargerð um málið segir meðal annars: „Í tillögu að frumvarpi til skipulagssлага sem lagt verður fyrir Alþingi eru sett fram markmið að þróun byggðar, atvinnulífs og nýtingar

lands verði í samræmi við skipulagsáætlanir. Skipulagsáætlanir skulu taka mið af skynsamlegri nýtingu lands og landsgæða, varðveislu náttúru, menningar og koma í veg fyrir ofnýtingu og hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Umhverfisráðherra setur fram samræmda skipulagsstefnu til 12 ára eða „landsskipulag“ með tillögu til þingsályktunar. Heimilt verður sveitarfélögum að koma á svæðisskipulag tveggja eða fleiri sveitarfélaga og skal þá koma á fót svæðisskipulagsnefnd.“

Þá segir að það sé mat Fjórðungssambandsins að

góðar aðstæður séu til þess að hefja gerð svæðisskipulags. „Svæðið er vel afmarkað landfræðilega sem landshluti. Telja verður að samstaða sé milli vestfirska sveitarfélaga um flest málefni er snerta þau sameiginlega. Auk þess sem unnin hefur verið stefnumótun í atvinnumálum og forgangsröðun verkefna í atvinnu og samfélagsmálum í Vaxtar- samningi Vestfjarða. Loks er nú að vænta að á næstu 3 til 6 árum verði komnar heilsárs- samgöngur á milli allra byggðakjarna á Vestfjörðum. Síðustu misseri hefur í auknu mæli verið horft til

möguleika í uppbyggingu atvinnulífs er felast mikið til í ósnortinni náttúru Vestfjarða til lands og sjávar. Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun þannig að ekki sé gengið á núverandi auðlindir heldur nýttist þær til að skapa arð sem næstu kynslóðir geti tekið við og aukið. Meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum hefur einnig verið að skapast samstaða um að fara þessa leið. Á sú stefna upphaf í samþykkt ályktunar á 48. Fjórðungsþingi árið 2003.

Með myndun starfshóps á vegum sveitarfélaga á Vestfjörðum til að undirbúa svæðis-

isskipulag taka sveitarfélögin frumkvæði í málaflokknum og skapa þeim sérstöðu á landsvísu. Vænta verður að þau verði betur í stakk búin að mæta gerð landsskipulags og kröfugerð óbyggðarnefndar. Tíminn til að hefjast handa er einnig naumur. Aukin ásókn er nú í landareignir af aðilum sem ekki eiga búsetu á Vestfjörðum og ríkisvaldið er með þjóðlendunefnd að skilgreina eignarlönd, ríkis, sveitarfélaga, einstaklinga og fyrirtækja. Hér verður á sama hátt að horfa til skipulags á nýtingu strandsvæða við Vestfirði.“

— *eirikur@bb.is*



Sjór gekk yfir höfnina á dögunum. Myndir: Páll Önundarson.

Höfnin á Flateyri sígur í sæ

Hafnarkantur sem steypdur var á Flateyri fyrir fimm árum hefur sigið umtalsvert síðan hann var tekinn í notkun og sást það glögglega s.l. föstudag þegar sjávarstaða var há. Sigtryggur Benediktsson hjá Siglingastofnun segir að kanturinn hafi sigið um 20 – 30 sentimetra síðan hann var steypdur og sé ástæðan sú að jarðvegur sé gljúpur við eyrina auk þess að á tímabili hafi verið mikið farg á kantinum,

þá aðallega miklar saltbirgðir. Sigtryggur segir að Flateyrin sé mjög gljúp, góður jarðvegur sé við utanverða eyrina en að innanverðu sé meira um sand sem getur gefið eftir. Aðspurður hvort að sigið sé hætt segir Sigtryggur telja að svo sé en höfnin gæti sigið meira verði settar miklar saltbirgðir eða annað farg yst á kantinn. Hann segir að það sé erfitt að komast í veg fyrir sig sem þetta en þó sé það spurn-

ing hvort að betra hefði verið að biða með að steypa þekjuna og fylgjast með sigi, en hún var steypd ári eftir að stálþilið var rekið niður. Sigtryggur segir að höfnin á Flateyri sé ekkert einsdæmi á landinu, á mörgum stöðum er verið að glíma við sig. Þá komi þetta ekki að sök nema við sérstakar aðstæður, háa sjávarstöðu, áhlaðanda og lítinn loftþrýsting. Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að þetta sé vissulega bagalegt, en við þessu sé ekkert að gera. Þá segir Guðmundur að á Ísafirði sé verið að endurbyggja Ásgeirsbakkann og verður hann talsvert hærri en sá sem fyrir var og sé það gert með spár um hlýnandi veðurfar og hækkandi sjávarstöðu í huga og sig á höfnum eins og er að gerast á Flateyri sé vissulega afar slæmt gangi þær spár eftir. – smari@bb.is

son hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að þetta sé vissulega bagalegt, en við þessu sé ekkert að gera. Þá segir Guðmundur að á Ísafirði sé verið að endurbyggja Ásgeirsbakkann og verður hann talsvert hærri en sá sem fyrir var og sé það gert með spár um hlýnandi veðurfar og hækkandi sjávarstöðu í huga og sig á höfnum eins og er að gerast á Flateyri sé vissulega afar slæmt gangi þær spár eftir. – smari@bb.is



Á myndinni sést að ysti hluti hafnarinnar hefur sigið umtalsvert.

Samþykkt að endurgreiða fötluðum

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánudag var ákveðið að endurgreiða kostnað sem bærinn innheimti fyrir akstur með fatlaða. Ísafjarðarbær rétt eins og önnur sveitarfélög í landinu tók greiðslu fyrir akstur með fatlaða og aðstandendur þeirra en félagsmálaráðuneytið úrskurðaði fyrir rúmu ári að gjalddtakan væri óheimil og var þá hætt að innheimta gjaldið. Svanlaug Guðnadóttir f.h. Svæðisráðs Vestfjarða sendi erindi til bæjarráðs í júní þar sem farið var fram á að bærinn endurgreiddi fötluðum fyrir afnot af ferðapjónustu

Ísafjarðarbæjar á tímabilinu 1. janúar 2003 til 1. nóvember 2005. Lítið þokaðist í málinu þar til í síðustu viku þegar fulltrúar Í-lista tóku málið upp í bæjarstjórn í og hörð orð féllu, meirihlutinn meðal annars sakaður um að sýna þeim sem minnst mega sín í samfélaginu skeytingarleysi. Á fundi bæjarstjórnar s.l. fimmtudag lagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri til að málið yrði sent til bæjarráðs til frekari afgreiðslu. Á fundi bæjarráðs á mánudag var ákveðið að kostnaðurinn yrði endurgreiddur, alls 347.648

krónur með þeim fyrirvara að bærinn áskilji sér rétt til þess að krefjast endurgreiðslu frá ríkinu, en ágreiningur er milli ríkis og sveitarfélaga hver eigi að bera kostnaðinn. Segir í fundargerð bæjarráðs að ákvörðunin sé tekin með hagsmuni þeirra sem nýta sér þjónustuna í huga. Ísafjarðarbær ku vera, samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fyrir bæjarráð, eina sveitarfélagið í landinu sem tekur ekki gjald fyrir ferðapjónustu fatlaðra. Markmið ferðapjónustu fatlaðra er að gera þeim sem eru andlega eða líkamlega fatl-

aðir og ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötluunar sinnar, kleyft að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Þjónustan er ekki eingöngu bundin við fatlaða. Aðrir svo sem sjúkir og aldr-

aðir sem nauðsynlega þurfa á akstursþjónustu að halda geta sótt um hana til Skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins og greiða fyrir sama gjald og aðrir. Þeir sem vilja nota þjónustuna þurfa að sækja um það til skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins sem metur þörf hvers og eins umsækjanda. Að því loknu er gerður samningur um þjónustuna. – smari@bb.is

þurfa að sækja um það til skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins sem metur þörf hvers og eins umsækjanda. Að því loknu er gerður samningur um þjónustuna. – smari@bb.is

Grímur Atlason, bæjarstjóri í Bolungarvík

Hefur ekki trú á að ratsjárstöðin leggist af

Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur segir að það sé mikilvægt fyrir Bolungarvík að stöðin verði starfrækt áfram, vera hennar skapar tekju fyrir bæjarfélagið og telur hann að stöðinni verði ekki lokað. Upplýsingar frá Bola-fjalli séu mikilvægar í rekstri bæði innanlandsflugs og flugstjórnarsvæðisins sem að Flugmálstjórn rekur. Spurningin er hversu mikill mannaflí á vegum hennar verður í bænnum og upp á fjalli. Hann segist telja að menn ætli sér að spara eitthvað með



Grímur Atlason. Því að hafa stöðina til þess að

gera mannlausa og senda viðgerðarteymi vestur þegar stöðin bílar en hefur ekki mikla trú á að við það sparist peningur. Fyrirbyggjandi viðhald og stöðugt eftirlit með jafn flóknunum og dýrum búnaði og er á Bola-fjalli skilar ávallt betri árangri. Fram hefur komið að Bandaríkjamenn hafa ekki áhuga á að reka Ratsjárstofnun áfram þar sem hún gegni ekki hernaðarlegu hlutverki lengur. Bandaríski herinn hefur borgað allan kostnað við rekstur hennar til þessa. – smari@bb.is

Sauðfjárvarnir lagðar niður innan Vestfjarða

Sauðfjárvarnagirðingar hafa að mestu verið lagðar niður á Vestfjörðum. Hætt verður viðhaldi á þeim girðingum sem fyrir eru að girðingu frá Bitrufirði til Gilsfjarðar undanskilinni, Vestfirðir verða því eitt hólf.

Á Strandavefnum segir frá að rökin fyrir þessu sé þau að ekki hafi greinst smitandi sauðfjársmáldómar á svæðinu í 20 ár og ekki sé til fjármagn til að halda við öllum varnargirðingum. Þá segir að framkvæmd þessara breytinga vekir

furðu þrátt fyrir að þær hafi legið nokkuð lengi fyrir. Breytingarnar hafa ekki verið kynntar fyrir sveitarstjórnum og bændum þrátt fyrir að smalamennska sé hafin víða um kjálkann. – smari@bb.is

Krafa vestfirskra sveitarfélaga að lokið verði við gerð menningarsamnings fyrir lok ársins

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga var falið á nýf-stöðnu fjórðungsþingi að óska eftir tilnefningum í Menningarráð Vestfjarða í samræmi við drög að menningarsamningi á milli vestfirskra sveitarfélaga og menntamálaráðuneytisins. Þá segir í ályktun þingsins að nýtt menningarráð og Fjórðungssamband Vestfirðinga eigi að hafa það að markmiði að ljúka gerð menningarsamnings fyrir Vestfirði fyrir lok árs 2006. Jafnframt ítrekaði þingið að stjórnvöld og Alþingi tryggi fjármagn til Menningarsamnings Vestfjarða á fjárlögum 2007. Í greinargerð sem fylgir ályktuninni segir meðal annars:

„Drög að menningarsamningi Vestfirskra sveitarfélaga hafa legið fyrir frá nóvember 2004. Tilurð samningsins byggir á niðurstöðu starfshóps um menningarmál á landsbyggðinni sem skipaður var af menntamálaráðherra árið 2000. Þar voru sveitarfélög hvött til að móta sér menningarstefnu og lagt til að á grundvelli slíkrar stefnumótunar geti þau samið við menntamálaráðuneytið um fjárhagsgrunn menningarstarfs. Þáverandi menntamálaráðherra



Frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga í Súðavík í byrjun mánaðarins.

lýsti þá skoðun sinni að hefja ætti samningsgerð við þau landsvæði sem væru hvað fjærst frá höfuðborgarsvæði.

Í framhaldi af samþykkt fjórðungsþings 2002 vann starfshópur á vegum sveitarfélaga á Vestfirðum drög að rammasamningi um menningarmál á Vestfirðum. Sam-

ningsdrögin voru síðan samþykkt var af sveitarstjórnunum undir lok árs 2004 og send ráðuneytinu í byrjun árs 2005.

Haustið 2005 lauk gerð menningarsamnings við sveitarfélög á Vesturlandi til þriggja ára og einnig lauk endurskoðun menningarsamnings við austfirsk sveitarfélög. Með

bréfi til Fjórðungssambandsins í júlí sama ár lýsti menntamálaráðuneytið vilja til að ljúka samningsgerð en með kröfu um lágmarks hlutdeild sveitarfélaga til starfsemi menningarráðs. Ráðuneytið taldi þá einnig ekki raunhæft að vinna að samningi með framlögum af fjárlögum 2006.“

Í greinargerðinni segir svo: „Það er því krafa vestfirskra sveitarfélaga að lokið verði við gerð menningarsamnings fyrir lok árs 2006 og hafin verði starfsemi á grundvelli hans á árinu 2007. Fyrsta verkefni Menningarráðs Vestfjarða verður að yfirfara núverandi drög menningarsam-

nings og ljúka gerð samnings í samstarfi við stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og sveitarfélög á Vestfirðum.

Kostnaður við fundi Menningarráðs á árinu 2006 verði á höndum Fjórðungssambands Vestfirðinga.“

– eirukur@bb.is

Svakalega góðar gellur!



Velkomin á sjávarréttahátíðina **Fiskiri** á 80 veitingastöðum um land allt. Komið og njótið gómsætra fisk- og sjávarréttanna í stórkostlegri sjávarfangsveislu.

Klíktu á www.fiskiri.is

Faktorhúsið - í Hestakaupstað - Ísafnið
Fernados - Austurvegi 1 - Ísafnið
Þorpið - Aðalstræti 73 - Þorpeksfirði


eru þátttakendur í Fiskirí!

Fiskirí

helgina

15.-17.

september






fiskiri
www.fiskiri.is





Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra gírnilegra tilboða sem gilda 14. - 17. sept.



622


30%

Publication program



25%

Gods barmhertighed
og tilgivelse
- broder



389

35%
reduction

Queltingsteppung
magnatisch



1.255

30%

Abstract



20%

**Transfer to
another College**



259

140000
 140000
 140000




29

Answer: 0.04

119

Printed Periodic
31/01/2016



399

1. **Author(s)** [Name]
 2. **Editor(s)** [Name]
 3. **Page(s)** [Page]



199

www.elsevier.com/locate/jmb

1. **Introduction**
 2. **Methodology**
 3. **Results**
 4. **Discussion**
 5. **Conclusion**

199

1. **Introduction**
 2. **Background**
 3. **Methodology**
 4. **Results**
 5. **Conclusion**
 6. **References**
 7. **Appendix**
 8. **Index**
 9. **Table of Contents**
 10. **Figure 1**
 11. **Figure 2**
 12. **Figure 3**
 13. **Figure 4**
 14. **Figure 5**
 15. **Figure 6**
 16. **Figure 7**
 17. **Figure 8**
 18. **Figure 9**
 19. **Figure 10**
 20. **Figure 11**
 21. **Figure 12**
 22. **Figure 13**
 23. **Figure 14**
 24. **Figure 15**
 25. **Figure 16**
 26. **Figure 17**
 27. **Figure 18**
 28. **Figure 19**
 29. **Figure 20**
 30. **Figure 21**
 31. **Figure 22**
 32. **Figure 23**
 33. **Figure 24**
 34. **Figure 25**
 35. **Figure 26**
 36. **Figure 27**
 37. **Figure 28**
 38. **Figure 29**
 39. **Figure 30**
 40. **Figure 31**
 41. **Figure 32**
 42. **Figure 33**
 43. **Figure 34**
 44. **Figure 35**
 45. **Figure 36**
 46. **Figure 37**
 47. **Figure 38**
 48. **Figure 39**
 49. **Figure 40**
 50. **Figure 41**
 51. **Figure 42**
 52. **Figure 43**
 53. **Figure 44**
 54. **Figure 45**
 55. **Figure 46**
 56. **Figure 47**
 57. **Figure 48**
 58. **Figure 49**
 59. **Figure 50**
 60. **Figure 51**
 61. **Figure 52**
 62. **Figure 53**
 63. **Figure 54**
 64. **Figure 55**
 65. **Figure 56**
 66. **Figure 57**
 67. **Figure 58**
 68. **Figure 59**
 69. **Figure 60**
 70. **Figure 61**
 71. **Figure 62**
 72. **Figure 63**
 73. **Figure 64**
 74. **Figure 65**
 75. **Figure 66**
 76. **Figure 67**
 77. **Figure 68**
 78. **Figure 69**
 79. **Figure 70**
 80. **Figure 71**
 81. **Figure 72**
 82. **Figure 73**
 83. **Figure 74**
 84. **Figure 75**
 85. **Figure 76**
 86. **Figure 77**
 87. **Figure 78**
 88. **Figure 79**
 89. **Figure 80**
 90. **Figure 81**
 91. **Figure 82**
 92. **Figure 83**
 93. **Figure 84**
 94. **Figure 85**
 95. **Figure 86**
 96. **Figure 87**
 97. **Figure 88**
 98. **Figure 89**
 99. **Figure 90**
 100. **Figure 91**
 101. **Figure 92**
 102. **Figure 93**
 103. **Figure 94**
 104. **Figure 95**
 105. **Figure 96**
 106. **Figure 97**
 107. **Figure 98**
 108. **Figure 99**
 109. **Figure 100**
 110. **Figure 101**
 111. **Figure 102**
 112. **Figure 103**
 113. **Figure 104**
 114. **Figure 105**
 115. **Figure 106**
 116. **Figure 107**
 117. **Figure 108**
 118. **Figure 109**
 119. **Figure 110**
 120. **Figure 111**
 121. **Figure 112**
 122. **Figure 113**
 123. **Figure 114**
 124. **Figure 115**
 125. **Figure 116**
 126. **Figure 117**
 127. **Figure 118**
 128. **Figure 119**
 129. **Figure 120**
 130. **Figure 121**
 131. **Figure 122**
 132. **Figure 123**
 133. **Figure 124**
 134. **Figure 125**
 135. **Figure 126**
 136. **Figure 127**
 137. **Figure 128**
 138. **Figure 129**
 139. **Figure 130**
 140. **Figure 131**
 141. **Figure 132**
 142. **Figure 133**
 143. **Figure 134**
 144. **Figure 135**
 145. **Figure 136**
 146. **Figure 137**
 147. **Figure 138**
 148. **Figure 139**
 149. **Figure 140**
 150. **Figure 141**
 151. **Figure 142**
 152. **Figure 143**
 153. **Figure 144**
 154. **Figure 145**
 155. **Figure 146**
 156. **Figure 147**
 157. **Figure 148**
 158. **Figure 149**
 159. **Figure 150**
 160. **Figure 151**
 161. **Figure 152**
 162. **Figure 153**
 163. **Figure 154**
 164. **Figure 155**
 165. **Figure 156**
 166. **Figure 157**
 167. **Figure 158**
 168. **Figure 159**
 169. **Figure 160**
 170. **Figure 161**
 171. **Figure 162**
 172. **Figure 163**
 173. **Figure 164**
 174. **Figure 165**
 175. **Figure 166**
 176. **Figure 167**
 177. **Figure 168**
 178. **Figure 169**
 179. **Figure 170**
 180. **Figure 171**
 181. **Figure 172**
 182. **Figure 173**
 183. **Figure 174**
 184. **Figure 175**
 185. **Figure 176**
 186. **Figure 177**
 187. **Figure 178**
 188. **Figure 179**
 189. **Figure 180**
 190. **Figure 181**
 191. **Figure 182**
 192. **Figure 183**
 193. **Figure 184**
 194. **Figure 185**
 195. **Figure 186**
 196. **Figure 187**
 197. **Figure 188**
 198. **Figure 189**
 199. **Figure 190**
 200. **Figure 191**
 201. **Figure 192**
 202. **Figure 193**
 203. **Figure 194**
 204. **Figure 195**
 205. **Figure 196**
 206. **Figure 197**
 207. **Figure 198**
 208. **Figure 199**
 209. **Figure 200**
 210. **Figure 201**
 211. **Figure 202**
 212. **Figure 203**
 213. **Figure 204**
 214. **Figure 205**
 215. **Figure 206**
 216. **Figure 207**
 217. **Figure 208**



Samkaup [úrval

Samþykkt að endurgreiða fötluðum

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðar-
arbæjar á mánudag var ákveðið að endurgreiða kostnað þann sem bærinn innheimti fyrir akstur með fatlaða. Ísafjarðarbær rétt eins og önnur sveitarfélög í landinu tók greiðslu fyrir akstur með fatlaða og aðstandendur þeirra en félagsmálaráðuneytið úrskurðaði fyrir rúmu ári að gjaldtakan væri óheimil og var þá hætt að innheimta gjaldið. Svanlaug Guðnadóttir f.h. Svæðisráðs Vestfjarða sendi erindi til bæjarráðs í júní þar sem farið var fram á að bærinn endurgreiddi fötluðum fyrir afnot af ferðaþjónustu Ísafjarðarbæjar á tímabilinu 1. janúar 2003 til 1. nóvember 2005. Lítið þokaðist í málinu þar til í síðustu viku þegar fulltrúar Í-lista tóku málið upp í bæjarstjórn í og hörd orð féllu, meirihlutinn meðal annars sakaður um að sýna þeim sem minnst mega sín í samfélaginu skeytingarleysi.

Á fundi bæjarstjórnar s.l. fimmtudag lagði Halldór Halldórsson bæjarstjóri til að málið yrði sent til bæjarráðs til



refkari afgreiðslu. Á fundi bæjarráðs á mánudag var ákveðið að kostnaðurinn yrði endurgreiddur, alls 347.648 krónur með þeim fyrirvara að bærinn áskilji sér rétt til þess að krefjast endurgreiðslu frá ríkinu, en ágreiningur er milli

ríkis og sveitarfélaga hver eigi að bera kostnaðinn. Segir í fundargerð bæjarráðs að ákvörðunin sé tekin með hagsmuni þeirra sem nýta sér þjónustuna í huga. Ísafjarðarbærku vera, samkvæmt upplýsingum sem lagðar voru fyrir

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

bæjarráð, eina sveitarfélagið í landinu sem tekur ekki gjald fyrir ferðaþjónustu fatlaðra. Markmið ferðaþjónustu fatlaðra er að gera þeim sem eru andlega eða líkamlega fatlaðir og ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna

fötlunar sinnar, kleyft að stunda atvinnu og nám og njóta tómstunda. Þjónustan er ekki eingöngu bundin við fatlaða. Aðrir svo sem sjúkir og aldraðir sem nauðsynlega þurfa á akstursþjónustu að halda geta sótt um hana til

Skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins og greiða fyrir sama gjald og aðrir. Þeir sem vilja nota þjónustuna þurfa að sækja um það til skóla- og fjölskylduskrifstofu bæjarins sem metur þörf hvers og eins umsækjanda.

Kvenfélög ættu að hefja vetrarstarfið með bjartsýni og góðum markmiðum

Aðalfundur Sambands vestfirskra kvenna var haldinn í Öfundarfirði á laugardag. Gestgjafar fundarins voru Kvenfélag Mosvallahrepps og Kvenfélagið Brynja á Flateyri og tóku þær á móti gestunum með glæsibrag. Mættar voru fulltrúar frá 13 kvenfélögum á Vestfjörðum. Sagðar voru fréttir af starfsemi félaganna, sem var fjölbreytt að venju.

Fulltrúar fengu fræðslu um háskólamenntun á Vestfjörðum, frá Peter Weiss og starfsemi kvenfélaga í Bandaríkjunum, frá Claudíu Scioly. Samtök Claudíu vilja aðstoða við varðveislu náttúruauðlinda og bæta aðstæður sem hafa áhrif á heimili og samfélag. Þær standa fyrir margháttaðri fræðslu í landi sínu um hollt matarræði, með

stofnun garðyrkjuskóla og námskeiðahaldi. Þær leggja áherslu á að ná með fræðslu til ungs fólks. Einnig veita þær fé í námsstyrki og verðlauna í landbúnaði. Nokkur umræða skapaðist af erindi hennar og beindist athyglin að starfi Staðardagskránnfundar 21. Vildu konur að öll sveitarfélög á Vestfjörðum tæku upp vinnu um Staðardagskrá

og miðluðu því til íbúa sinna. Einnig var því beint til kvenfélaganna að hvetja félagsmenn sína að taka upp hollt matarræði og stuðla að líkamsmætti. Kvenfélögin ættu því að hefja vetrarstarfið með bjartsýni og góðum markmiðum. Að loknum stífum fundarhöldum var farið í skoðunarferð til Flateyrar og snæddur kvöldverður í Félagsbæ.

Um 340 konur í 14 kvenfélögum á Vestfjörðum eru aðilar sambandi vestfirskra kvenna. Kvenfélagskonur koma víða við í starfi sínu, liðsinna ungum sem öldnum og eru víða uppistaðan í félagslífi í þeirra byggðalagi. Félögin halda uppi margvíslegri starfsemi, konurnar styrkja hver aðra og láta gott af sér leiða í samfélaginu. Á verkefnaskrá þeirra

er meðal annars að hlúa að börnum og öldruðum, þau sinna garðrækt, koma að framkvæmd héraðshátíða, gefa tæki til íþróttahúsa og sjúkrahúsa, halda námskeið og standa fyrir kaffisölum svo fátt eitt sé nefnt. Þess má geta að samband vestfirskra kvenna fagnaði 75 ára afmæli á síðasta ári. – thelma@bb.is

RITSTJÓRNARGREIN

Aukið samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum

„Eftir síðasta átak við að fækka sveitarfélögum á Íslandi eru nú starfandi tíu sveitarfélög á Vestfjörðum. Ljóst er að aukin samvinna þeirra á milli getur bætt faglegt starf þeirra á ýmsum sviðum og mögulega stutt við frjálsa sameiningu þeirra til lengri tíma lítið ef réttar forsendur eru fyrir hendi,“ segir meðal annars í einni af samþykktum Fjórðungspings Vestfirðinga, sem haldið var í Súðavík fyrir skömmu. Barátta Vestfirðinga fyrir Menntaskóla á Ísafirði mætti harðri andstöðu þröngsýnna manna líkt og raunin er nú með háskóla. Fullyrða má að samstaða Vestfirðinga í menntaskólamálinu hafi vegið afar þungt. Það mun hún líka gera í baráttunni fyrir háskóla og hverju því framfaramáli sem Vestfirðingum er nauðsynlegt að ná lendingu. Samþykkt Fjórðungspingsins um skipan starfshóps til að vinna að undirbúningi svæðiskipulags fyrir Vestfirði er tímabær. Í greinargerð er lögð áhersla á sérstöðu Vestfjarða og vel afmarkaða landfræðilega sérstöðu svæðisins. Þar segir m.a.: „Síðustu misseri hefur í auknum mæli verið horft til möguleika í uppbyggingu atvinnulífs er felast mikið til í ósnortinni náttúru Vestfjarða til lands og sjávar. Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun þannig að ekki sé gengið á núverandi auðlindir heldur nýtist þær til að skapa arð sem næstu kynslóðir geti tekið við og aukið.“ Vestfirðingar eru öðrum fremur meðvitaðir um nauðsyn góðra samganga. Í ljósi væntinga

er birtast í greinargerð með samþykktinni um skipan starfshóps til undirbúnings svæðiskipulagsins, hvar segir „loks er nú að vænta að á næstu 3 til 6 árum verði komnar heilsársamgöngur á milli allra byggðakjarna á Vestfjörðum,“ er í hæsta máta eðlilegt að stjórnvöld séu hvött til að standa við gefin fyrirheit í samgöngumálum á Vestfjörðum þar sem „samgöngukerfi sem svarar kalli tímans (sé) forsenda fyrir atvinnulífi og byggð á Vestfjörðum.“ Á þetta hefur verið lög áhersla í fjölmörgum ályktunum frá atvinnurekendum, sveitarstjórnum og félagasamtökum, sem bent hafa á að öll frestun þyngi róðurinn í uppbyggingu svæðisins og það ætti síst að höggva í þann málaflokk sem er hvað mikilvægastur. Ef undan er skilin krafan um að lokið verði við menningarsamning vestfirskra sveitarfélaga við menntamálaráðuneytið fyrir lok yfirstanandi árs fer ekki mikið fyrir áleitinum kröfum eða spurningum Fjórðungspingsins á hendur ríkisvaldinu. Eflaust veldur því hin landskunna þögn stjórnvalda og embættismanna við óþægilegum spurningum og því ekki ólíklegt að þingfulltrúar hafi talið tíma sínum betur varið á annan veg. Hver sem framvinda Fjórðungssambandsins verður er eitt víst: Samstaða og einhugur Vestfirðinga skiptir sköpum fyrir framtíð byggðar í fjórðungnum.

s.h.

SKÓLA TÖLVUR



AIRIS Fartölva

- Appleton 1.8 Core Duo
- Skjár 15" WXGA 1280x800
- Minni 512MB DDR2
- Hardi diskur 160GB (5400RPM)
- DVD skrifari DVD-R/RW x8 24
- Fingur 3kg
- Skrákerfi: MSN 12 (Windows XP SP2) x86
- Skrákerfi: Windows XP Home
- Afgangi 2 ár

1.8 **512MB** **160GB** **NO**

89.990.-



TASKA FYLGR

Tölvaúpskipti

3.304.-

4 mánaði á 12 mánaði



Fartölva

- Appleton 2.0 Core Duo
- Skjár 15" WXGA 1280x800
- Minni 512MB DDR2
- Hardi diskur 160GB (5400RPM)
- DVD skrifari DVD-R/RW x8 24
- Fingur 3kg
- Skrákerfi: MSN 12 (Windows XP SP2) x86
- Skrákerfi: Windows XP Home
- Afgangi 2 ár


124.900.-

Tölvaúpskipti

20 **512MB** **160GB** **NO**

4.493.-

4 mánaði á 12 mánaði



TASKA FYLGR



AIRIS Fartölva

- Appleton 1.8 Core Duo
- Skjár 15" WXGA 1280x800
- Minni 512MB DDR2
- Hardi diskur 160GB (5400RPM)
- DVD skrifari DVD-R/RW x8 24
- Fingur 3kg
- Skrákerfi: MSN 12 (Windows XP SP2) x86
- Skrákerfi: Windows XP Home
- Afgangi 2 ár

99.990.-

Tölvaúpskipti

3.642.-

4 mánaði á 12 mánaði

20 **512MB** **160GB** **NO**

SKIPTIBÓKA markaður Office1

Afgreiðslutimar

Office 1 Ásnef

Virka daga frá 10-18

Laugardaga frá 11-16

Allt fyrir skólann

Office1 Superstore

Vinsamlegast notaðu vefbúnaðinn
www.office1.is

10% afsláttur á öllum
bókunum þínum þegar þú kaupir
bókun þína hjá Office 1.

- Allt að 100.000 kr. á bókunum þínum
- Allt að 10 mánaði
- Hættu á bókunum þínum
- Þú getur fengið bókun þína hjá Office 1
- Þú getur fengið bókun þína hjá Office 1
- Bókun þína hjá Office 1
- Bókun þína hjá Office 1

SMARTRACOUNTRY

Skjalir eru til sölu á 1.000 kr. á hvern skjal. Skjalir eru til sölu á 1.000 kr. á hvern skjal.

Sjö af börnunum átta komin í skóla

Skólayfirvöld í Ísafjarðarbæ funduðu í síðustu með Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra, um það vandræðastað sem skapaðist vegna málefna þeirra barna, af erlendum uppruna, sem ekki gátu gengið í skóla í Ísafjarðarbæ vegna kennitöluleysis. Að sögn Ingibjargar Mariu Guðmundsdóttur var niðurstaða fundarins sú að leyfa börnunum að stunda nám að því tilskildu að hægt sé að staðfesta að sótt hafi verið um kennitölu. Af þeim átta börnunum sem ekki gátu hafið nám hafið eitt fengið kennitölu og hafið nám, og sex önnur munu hafa sótt um. Að sögn Ingibjargar á eftir að sækja um kennitölu fyrir eitt barnið.

„Við munum hitta foreldra þess barns með túlki og fara yfir málið með þeim“, sagði Ingibjörg. Þá segir hún að þessi ákvörðun sé tekin í ljósi þess að í kjölfar bréfs sem skrifað var yfirvöldum í byrjun ágústmánaðar, séu hjólin farin að snúast og þrýstingur kominn á yfirvöld um að skoða þessi mál í kjölin.

Börnin átta, sem ættuð eru frá Póllandi, fengu eins og áður segir ekki að hefja nám í Ísafjarðarbæ vegna kennitöluleysis, en í öðrum bæjarfélögum á landinu var börnunum einfaldlega hleypt í skóla, en ekki beðið eftir að kerfið veiti þeim kennitölu. Bæði skólastjórinn í Bolungarvík, Soffía Vagnsdóttir, sem og bæjarstjórinn Grímur Atlason, hafa vakið athygli á því að hentugra væri ef afgreiðsla kennitalna færi fram í héraði frekar en í Reykjavík. Mikið álag hefur verið á Þjóðskrár síðustu vikur og er biðtími eftir kennitölum nú sex til átta vikur.

Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðunum kemur skýrt fram að börn eigi rétt á að ganga í skóla og segir m.a.: „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunnmenntunar sem allir geti notið ókeypis.“ Hins vegar er



ekki heimild í landslögum fyrir því að kenna börnum án kennitölu.

Aðspurð um hvort ekki þyrfti að standa við barnasáttmálann í þessu máli sagði Ingibjörg, þegar rætt var við hana snemma í síðustu viku, börnin í raun í stöðu ferðamanna á landinu, og að ekkert segi í barnasáttmálanum um að veita þurfi ferðamönnum grunnskólamenntun. „Við eigum að stuðla að skólasókn og grunnenntun, sem er ókeypis, en við tökum ekki

Grunnskólinn á Ísafirði.

þátt í því þegar fólk kemur með einhver börn til landsins án þess að hafa sagt okkur það formlega að þau ætli að búa hérna“, sagði Ingibjörg. Þá sagði hún málið bæði vont og erfitt. „Þó maður vilji ekki brjóta barnasáttmálann þá vill maður ekki heldur koma því þannig fyrir að ekkert verði gert í þessum málum.“ Ingibjörg sagði að í sjálfu sér væri ekkert mál að brjóta reglurnar, en hætt væri við því að slíkt hefði margföldunaráhrif.

„Meginmálið er það að þeg-

ar það koma hingað börn sem eru hvergi á skrá þá er ekkert sem segir okkur að þetta séu börn sem ætla að búa hérna ef þau eru ekki komin með neina pappíra eða nokkurn skapaðan hlut. Þá eru þau bara eins og hverjir aðrir ferðamenn. Þetta er eins og ef að ég eða þú tækjum börnin okkar með til Mallorca í tvo mánuði og ætluðumst til þess að þau færu í skóla. Þau eru bara hérna á ferðamannapappírnum.“

Skóla- og fjölskylduskristofa ku hafa haft nokkuð

frumkvæði um að þetta mál komst í háamæli nú á dögnum, og sendi frá sér greinargerð í ágúst í samstarfi við fjölmenn-ingarsetur um hin svonefndu utangarðsbörn, sem eru ekki til í íslenska kerfinu en búa hér engu að síður. Greinargerðin fer hér að neðan.

Börn á utan-garðsskrá

„Utangarðsskrá er í raun skrá á einstaklingum sem hafa fengið kennitölur en hafa ekki fengið dvalarleyfi hérlandis. Þeir aðilar sem eru á slíkri skrá hafa í sjálfu sér engan rétt hérlandis varðandi lög-bundna þjónustu sveitarfélaga-na.

Vandamálið liggur fyrst og fremst hjá foreldrum þeirra barna sem koma frá EES lönd-um. Samkvæmt lögum þurfa aðilar sem koma frá löndum innan EES ekki að fá vega-bréfsáritun þegar þeir koma til landsins. Eins geta þessir aðilar verið í allt að sex mánuði meðan þeir eru í atvinnu-leit, að öðrum kosti þrjá mánuði, áður en þeir fá dvalarleyfi, börn geta einnig verið þessa sex mánuði með foreldrum sínum eða forráðarmanni. Dvalarleyfi fæst hinsvegar ekki fyrir börn ef fæðingar-vottorð og forsjárgögn liggja ekki fyrir, eins ef heilbrigðis-vottorð liggur ekki fyrir, frá þeim löndum sem slíkra vott-orða er þörf. Eins þurfa for-eldrar/foreldri að hafa haft sjúkratryggingu í sínu heima-landi eða svokallað E-104 vottorð, ef það liggur ekki fyrir þarf viðkomandi að kaupa sjúkratryggingu hér á landi og gildir sú trygging fyrir móðir/föður og barn yngri en 18 ára sem og E-104. Dæmi eru einn-ig um að foreldrar með dvalar-leyfi fara erlendis og sækja börn sín sem geta þá dvalið hjá foreldri á Íslandi óáreitt án allra réttinda í sex mánuði.

Í sveitarstjórnarlögum kem-ur fram „Hver maður telst íbúi þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili.“ Sveitarfé-lögin eru ekki ábyrg fyrir þeim sem ekki teljast íbúar. Hins-

vegar eru þess dæmi að sveit-arfélög hafa gert samkomulag sín á milli varðandi þjónustu við fólk sem er með búsetu í öðru sveitarfélagi en það er íbúi í og viðkomandi sveitar-félag greitt fyrir þjónustuna. Þetta á meðal annars við um skólavist. Samkvæmt viðmið-unarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitar-félags þá ber nemanda að sækja skólavist í þeim skóla þar sem hann hefur lögheimili, ef hinsvegar foreldri eða for-ráðamaður óskar eftir skóla-vist fyrir barnið annars staðar en þar sem lögheimili þess er ber honum að óska eftir því við það sveitarfélag sem barn-ið á lögheimili í fyrir 15 apríl ár hvert. Með þessum rökum synja sveitarfélögin börnun-um um skólavist af því barnið á ekki lögheimili í sveitarfé-laginu. Það stangast hinsvegar á við það sem fram kemur í lögum um grunnskóla þar sem segir „Sveitarfélögum er skylt að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 6 til 16 ára...“Öllum börnum og unglingum á framangrein-dum aldri er skylt að sækja skóla...“. Sveitarfélög geta ekki sinnt þessari lagaskyldu sinni þegar þau geta hvorki tekið þau inn í skólakerfið á meðan það vantar pappíra s.s. dvalarleyfi né innheimt skóla-kostnað hjá öðrum á meðan börnin eru á utangarðsskrá og ættu því jafnvel að vera á veg-um ríkisins.

Verkefnið framundan er að koma í veg fyrir að börn geti verið á utangarðsskrá hér og búið á Íslandi án þess að sækja skóla eða taka þátt í þjóðfélag-inu á viðunandi hátt. Til þess að breyta þessari stöðu gæti ríkið komið til móts við sveit-arfélög með viðmiðunar-kostnað skv. viðmiðunarregl-um Sambands sveitarfélaga og gefið út verklagsreglur eða almenna reglu um hvernig skuli staðið að kennslu og skólagöngu barna þessa 6 mánuði sem þau geta dvalið hérlandis án dvalarleyfis.“

– eirikur@bb.is

● Sælkeri vikunnar • Sunneva Sigurðardóttir á Ísafirði

Kjúklingasúpa og eplakakan hennar mömmu

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á rjóma-lagaða kjúklingasúpu og ljúffenga eplaköku í eftir-rétt. Uppskriftin að súpunni er ætluð fyrir fjóra og er tilbúin á 30 mínútum. Einn-ig býður Sunneva upp á sína uppáhaldseplaköku sem óhætt er að segja að svíki engan sem dálæti hefur á slíkum kökum.

**Rjómalöguð
kjúklingasúpa**
Kjúklingur

Smjör
Laukur
Gulrót
Selleristilkur
Kjúklingasoð
Mjólk
Rjómi
Hveiti
Steinselja
Salt
Pípar

Rífið kjötið af kjúklingi, breiðið yfir og leggið til hliðar. Hitið 60 g af smjöri í þykk-botna potti. Bætið 1 söxudum

lauk, 1 smátt skornum sellerí-stilk, 1 smátt skorinni gulrót og 1 smátt skorinni næpu. Steikið við lágan hita í 5 mín. Bætið 3 msk af hveiti í og hrærið í 2 mín. Bætið við lítra af kjúklingasoði hægt í pottinn og hrærið þar til súpan þykkn-ar. Látið suðuna koma upp og sjóðið í 1-2 mín. Lækkið þá hitann og látið malla í 10 mín eða þar til grænmetið er soðið. Bætið kjúklingakjötinu út í ásamt 250 ml af rjóma, 125 ml af mjólk og 20 g af smátt saxaðri steinselju. Hitið var-

lega án þess að sjóða. Kryddið með salti og pipar eftir smekk. Berið fram.

Eplakakan hennar mömmu
200 g hveiti
200 g sykurl
200 g smjörlíki
2 egg
2 tsf lyftiduft

Blandið smjöri og sykri vel saman. Bætið síðan eggjunum út í og blandið vel saman. Því næst er þurfnunum blandað saman við. Setjið í kringlótt



mót og raðið eplum ofan á og stráið kanilsykri yfir. Bakið þar til kakan verður gullinbrún við 150° hita.

Ég skora á Aðalheiði Jóhannsdóttur á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

200 gestir í afmælisveislu Stefnis

Um 200 manns mættu til afmælishátíðar í íþróttahúsinu á Suðureyri á sunnudag í til efni 100 ára afmælis íþróttafélagsins Stefnis. Formaður félagsins, Svava Rán Valgeirsdóttir, bauð alla velkomna og stiklaði á stóru í sögu félagsins. Var félaginu sómi sýndur á ýmsan hátt m.a. með gjöfum og hlýjum orðum í garð þess. M.a. vitnaði Halldór Halldórsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, í sinni ræðu í málefnaþing meirihlutflokkanna í bærarstjórn, þar sem fram kemur að byggja ætti sparkvelli í öllum byggðakjörnum á næsta ári. Var því vel fagnað af hálfu Stefnis-

fólks. Boðið var upp á tónlistarflutning, en það var Sógfirðingurinn Eyrún Arnarsdóttir sem lék á píanó og söng fyrir viðstadda.

Einnig sýndu súgfirsk börn glímu undir stjórn Hermanns Níelssonar. Sýning var á gömlum fundagerðabókum Stefnis í anddyri hússins, auk ljósmynda og muna tengda sögu félagsins. Við þetta tækifæri veitti Ingi Þór Ágústsson formaður Héraðssambands Vestfirðinga eftirtöldum aðilum gull- og silfurmerki HSV fyrir góð störf og/eða árangur undir merkjum félagsins.

Gullmerki hlutu liðsmenn handknattleiksliðs kvenna



200 gestir sóttu fagnaðinn.

sem varð Vestfjarðameistari í 1. flokki 1946 og í voru eftirtaldir aðilar: Guðrún Guðjónsdóttir, Lilja Magnúsdóttir, Eva Sturludóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Aðalheiður Friðbertsdóttir, Sigrún Sturludóttir og Helga Ásgrímsdóttir. Einnig fengu gullmerki félagarnir í handknattleiksliði karla sem varð Vestfjarðameistari í 1.

flokki í fyrsta sinn 1946 og sex sinnum alls og í þessum fyrsta hóp voru eftirtaldir aðilar: Guðbjörn Björnsson, Hermann Guðmundsson. (látinn), Jón Kristjánsson. (látinn), Sturla Ólafsson. (látinn), Óskar Kristjánsson (látinn), Eiríkur Jónsson, Jens Eyjófsson. (látinn). Þessi tvö lið voru mjög sigursæl á árunum 1945-

1953 og unnu til margra viðurkenninga undir merkjum Stefnis.

Silfurmerki voru veitt Steingrími Guðmundssyni fyrrverandi formanni Stefnis, hann sat sem slíkur í 12 ár og innti af hendi óeigingjarnt starf fyrir félagið, ásamt því að vera um tíma formaður HVÍ. Anna Bjarnadóttir fyrir árangur í

íþróttum undir merkjum félagsins ásamt hjálfunar og uppbyggingarstörfum fyrir félagið. Arnar Guðmundsson fyrir óeigingjarnt starf á vegum félagsins og íþróttarárangur undir merkjum félagsins. Deborah Anne Ólafsson fyrir sérstaklega óeigingjarnt starf fyrir félagið á undanförunum 10 árum. — thelma@bb.is



Súgfirsk börn glímu sýndu glímu. Myndir Páll Öundurson.

Sjálfsvarnar - og forvarnarnámskeið ætlað grunnskólanemendum í 8-9 bekk.

Námskeiðið verður haldið í Safnaðarheimili Ísafjarðarkirkju og hefst 20. september og stendur yfir í 8 vikur.

Kennt verður á miðvikudögum kl. 17:00 og á sunnudögum kl. 16:00.

Markmið námskeiðsins er m.a. að búa þátttakendur undir vimefnalausa tilveru í þeirra nánustu framtíð auk annarra gagnlegrar fræðslu og grunnþjálfunar í sjálfsvörn.

Leiðbeinendur eru:

Aldís Þorsteinsdóttir, Flateyri

Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, Súðavík

Skráning og nánari upplýsingar eru í síma 861 2556



ÍSAFIJARÐARKIRKJA



Tíu ára afmæli Vestfjarðaga framtíð Vestfjarða í samgöngum

Miðvikudaginn 18. september 1996 birtist mynd á forsíðu Bæjarins besta af þeim Helga Hallgrímssyni, vegamálastjóra, Halldóri Blöndal, samgönguráðherra og Sveinbirni Veturliðasyni, starfsmanni Vegagerðarinnar. Fyrir aftan þá er stórt blátt skilti, á bak við skiltið mikill mannfjöldi og handan mannfjöldans er heiði. Á heiðinni er gat, svartur munnur sem teygir sig inn í fjallið. Upphafsorð fréttarinnar eru: „Síðastliðinn laugardag voru jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiði formlega opnuð...“ Opnunin átti sér stað þann 14. september, og segir í Stakki í Bæjarins besta í áðurnefndu tölublaði, að dagurinn muni lifa í endurminningu allra þeirra sem voru viðstaddir „og vonandi allra Vestfirðinga um ókominn ár“. Fjölmargir gestir voru viðstaddir opnunina og fylgdust með samgönguráðherra klippa á borða til merkis um að gangnaframkvæmdum væri formlega lokið, og þar með einhverjum mestu samgöngubótum sem Vestfirðingar hafa séð, en eins og kunnugt er hafa Vestfirðingar oft þurft að þola fálæti yfirvalda og skilningsleysi á erfiðum samgöngum hér vestra.

„Jarðgöngin auka trú á fegurri og gleðríkari tilveru“

Þorsteinn Jóhannesson, læknir og þáverandi forseti bæjarstjórnar, sagði m.a. í ávarpi sínu að jarðgöngin væru forsenda þess að byggðin á svæðinu dafnaði og mannlífið blómgaðist. „Jarðgöngin hafa glætt vonir manna og aukið trú á fegurri og gleðríkari tilveru. Þau hafa þroskað að með okkur samkennd. Samkennd sem er undirstaða þess að hið nýja sveitarfélag, Ísafjarðarbær, eigi eftir að verða saga þessa lands rétt eins og Vestfirðingar hafa tekið þátt í að skrifa söguna fram að þessu“, sagði Þorsteinn m.a. í ávarpi sínu. Þorsteinn gerði einnig slægar samgöngur í fjórðungnum að umtalfsemi sínu og sagði síðar: „Við Vestfirðingar erum langt frá því að sitja við sama borð og aðrir landsmenn hvað varðar tengsl við hringveginn. Akvegatengsl við aðra landshluta. Nú bið ég alla sem orð mín heyra að skilja mig ekki sem svo að við séum ekki þakklátir fyrir það sem þegar er gert, jú, það er öðru nær. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því jafnt og aðrir er við stjórnmál landsins sitja að framþróun, velmegun og byggðajafnvægi, eiga allt sitt undir samgöngum og samskiptum við aðra lands- og heimshluta. Vertu minnugur þess að hálfnað verk þá hafið er og til góðs vinar liggja gagnvegir. Það er

ósk okkar að við megum heilsa þér sem oftast hér vestra.“

Í áðurnefndum Stakkspistli þakkar Stakkur þeim sem lögðu hönd á plóg við að gera göngin að veruleika. „Fyrir þá sem unnu að vegagerð yfir Breiðadalsheiði fyrir sex áratugum, er það engu öðru líkt en ævintýri, að aka undir fjöllin. Matthías Bjarnason, fyrrum samgönguráðherra, mun hafa unnið að lagningu vegar yfir heiðina. Hann átti einn stærstan þátt í því ferli sem lauk á laugardaginn þegar Halldór Blöndal, núverandi samgönguráðherra, klippti á borðann, sem var síðasta sjáanlega fyrirstaða almennrar umferðar um göngin. Í millitíðinni var Steingrímur Sigfússon, ráðherra samgöngumála, og lagði sitt af mörkum til að flýta gerð ganganna. Þetta er nefnt hér til að sýna að allir sem að málinu komu lögðu sig fram um að jarðgöngin yrðu að veruleika, óháð búsetu, kjördæmi ráðherrans eða pólitískum flokki. [...] Með sama hætti hafa allir sem að málinu unnu sinnt því vel. Verktakinn Vesturís, hefur unnið gott verk sem er honum til sóma. Hafi allir þökk fyrir.“

Fimm ár í smíðum

Eins og margir muna sjálf-sagt hafið umferð verið hleypst í gegnum göngin árið áður, fjórum dögum fyrir jól, en hér var verkinu loks lokið. Búið að malbika, setja upp ljós og annan rafbúnað, ganga frá



Unnið að gerð jarðganganna.

vegmerkingum og hneppa öllum þeim hnöppum sem hnappa þurfti. Verkið var dýrasta einstaka vegaframkvæmd sem átt hafði sér stað á Íslandi, og kostaði 4,3 milljarði króna. Kostnaðaráætlun frá árinu 1991 gerði ráð fyrir því að kostnaður yrði nokkru lægri, eða 3,7 milljarðar, og fór verkið því rúm 16% fram úr upphaflegri áætlun. Undirbúningur að gerð jarðganganna hófst með jarðfræðirannsóknnum á árunum 1983 til 1985. Unnið var að frekari rannsóknnum, hönnun og forvali verktaka á árunum 1988 til 1990 og verkið var síðan búið út á alþjóðlegum vettvangi vorið 1991.

Samíð var við verktakasamsteypuna Vesturís sf. sem átti lægsta tilboðið, en aðilar að því fyrirtæki voru Ístak hf., sem var í forsvari fyrir fyrirtækið, Skanska frá Svíþjóð, Selmer Anlegg frá Noregi og E. Phil & Son frá Danmörku. Þann 6. júní 1991 var samningur formlega undirritaður og hófst sprengingar þann 5. september sama ár, með því að Halldór Blöndal sprengdi fyrstu hleðsluna.

Undirritaður blaðamaður Bæjarins besta man eftir því að hafa farið í starfskynningu til Vesturís, þegar hann var í tíunda bekk Grunnskólans á Ísafirði, og hafa opinmyntur fylgst með störfum starfsmanna þarna, sem óneitanlega báru með sér mikinn hetju-sjarna. Á gatnamótum þeim sem skilja að Súgandafjarðaraleggjara og Öndarfjarðaraleggjara var kaffistofa sem

kallaðist, misminni blaðamaðni ekki, Hard Rock Café, og þar höfðumst við nemendurnir við þegar sprengjusérfræðingarnir keyrðu í pallblí átt að Öndarfirði til þess að sprengja. Einhverju síðar heyrðum við gríðarlegan hveli. Næst kom pallblínn þjótandi á rallíraða framhjá gatnamótunum, og um tíu sekúndum síðar fór hnausþykkt rykský framhjá.

Þann 16. september 1994 var sprengt í gegn í Botnsdalsgöngum og lokasprenging var 23. mars 1995, þegar síðasta haftið í Breiðadalsgöngunum var sprengt. Alls voru boraðir 650 km af sprengiholum, sprengt var 2.050 sinnum og notuð til þess 550 tonn af sprengiefni. Heildarrúmmál þess efnis sem kom úr göngunum var um 500 þúsund rúmmetrar, en megnið af því fór í vegagerð utan ganganna.

Jarðgangnagerðin gekk öll samkvæmt áætlun og var það einungis eitt atriði sem kom mönnum á óvart, en það var mikið innrennsli vatns, einkum á einum stað í göngunum, og olli það nokkrum töfum og jók kostnað. Þegar fyrst var komið að vatninu var rennslið á þessum stað 2.000 lítrar á sekúndu, en þegar göngin voru opnuð hafði rennslið minnkað niður í 400 lítra á sekúndu. Hluta vatnsins úr göngunum er, eins og kunnugt er, veitt inn á Vatnsveitu Ísafjarðarbæjar, og gjörbreytti gæðum neysluvatns á svæðinu.

Göng í bergi eru um 8.685 metrar og steypir forskálar eru samtals 435 metrar, og er heildarlengd ganganna því 9.120 metrar. Frá Tungudal í Breiðadal eru 5.930 metrar og frá Tungudal í Botndal eru þau um 4.720 metrar. Göngin eru því lengstu göng á landinu, en þau næstlengstu eru Hvalfjarðargöngin sem eru samtals 5.770 metrar.

Vegurinn yfir Breiðadals- og Botnsheiðar fer hæst í 614 metra yfir sjávarmáli og lokaðist að meðaltali í um sjötu daga á ári, og um sjötu daga til viðbótar var einungis opið hluta úr degi. Gjörbreyting varð á með jarðgöngunum sem opin eru alla daga ársins, auk þess sem vegalengdir styttest um 3-4 kílómetra. Þá áttu göngin ekki minnstan þátt í því að sveitarfélögin á svæðinu, Ísafjörður, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri sameinuðust.

Viðtæk áhrif ganganna

Í viðtali við enskumælandi tímaritið The Reykjavík Grapevine fyrir skemmstu, lét Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, hafa eftir sér að þegar göngin voru opnuð hefði leiðin á milli byggðarlaga, sem áður var á köflum illfær og ófær, endurskilgreint atvinnusvæði bæjarins. „Þetta sama ár sameinuðust byggðakjarnarnir í Ísafjarðarbæ. Þetta hafði meðal annars þau áhrif að megnið af verslun minni bæjanna færðust til Ísafjarðar

– fólk kys með fótunum og velur skiljanlega að versla frekar í Bónus en héraðskaupfélaginu, ef það er er ódýrara – auk þess sem bæjarskrifstofurnar fluttust að sjálf-sögu. Með því að verða hluti af stærri heild fórnðu minni bæirnir að hluta til fjölbreytilegra atvinnulífi; það sem eitt sinn voru alvöru bæjarfélög með prestum, bæjarskrifstofum, bæjarstjórum og læknum urðu í raun nokkuð sem kalla mætti úthverfi, í stærra bæjarfélagi. Þessi breyting hafði sem dæmi mikil áhrif á Flateyri, og breytti möguleikum íbúanna til að búa þar og vinna þar. Þessa útkomu mátti algerlega sjá fyrir þegar gangnagerðin og sameiningin áttu sér stað samtímis – hefði ekkert verið gert væru bæirnir hins vegar ekkert betur staddir; þeir hefðu jafnvel verið lagðir í eyði í dag“, sagði Halldór meðal annars við The Reykjavík Grapevine. (Þýðingin er undirritaðs; viðtalið og greinin má lesa í heild sinni á heimasíðu The Reykjavík Grapevine: www.grapevine.is.)

Stakkur ræðir þetta í Bæjarins besta í síðasta tölublaðinu áður en göngin voru formlega opnuð. „Íbúar á jarðgangasvæðinu kynntust því í fyrirvetur hversu mikið hagræði er af þessari stórkostlegu samgönguleið. Öll mannleg samskipti munu taka stakkaskiptum til hins betra. Öryggi í samgöngum eykst margfalt og þá um leið þjónusta sú er býðst íbúum. Vissulega á margt eftir að breytast. Verslun þjappast

unga og gumálum

ef til vill saman á Ísafirði. Margir munu telja það ókost, en um leið ættu að nást skil-yrði til hagstæðari innkaupa og lægra vöruverðs. Nauðsynlegt er að tryggja dagvöruverslun á smærri stöðunum, einkum með mjólk og skyldar vörur til daglegrar neyslu. Hinu er ekki að neita að verslun er að færast út úr fjórðungnum. Póstverslun allskonar eykst stöðugt. Því stærri sem heimamarkaður er, því líklegra er að verslun og þjónusta dafni.“

Öflugasta byggða- aðgerð sem unnt er að grípa til fyrir norðanverða Vestfirði

Haustið 2004 samþykkti Fjórðungsþing Vestfirðinga nýja stefnumótun í samgöngumálum og áréttaði hana árið eftir. Í stefnumótuninni var lagt til að farið yrði í róttæka jarðgangnagerð á Vestfirðum og lagði til að auk gangna milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar yrði farið í gerð jarðgangna undir Dynjandisheiði, úr Arnarfirði í Vatnsfjörð.

Í grein sem forseti bæjarstjórnar, Birna Lárusdóttir, skrifaði á bb.is sagði hún m.a. að pólitísk samstaða hefði náðst um að Ísafjörður yrði skilgreindur sem einn af þremur landshlutakjörnum á Íslandi, ásamt Akureyri og Mið-Austurlandi. Þá sagði í grein hennar: „Í ljósi þess er afar mikilvægt að samgöngur séu með þeim hætti að sem víðast verði hægt að fara um á lág-lendi. Í stefnumótun sinni og tillögugerð um tvenn göng vísar Fjórðungsþing til þeirra áætla að Ísafjörður verði skilgreindur byggðakjarni og segir jafnframt: „Eðlilegt er að við forgangsroðun framkvæmda af hálfu hins opinbera verði gengið út frá tillögum um byggðakjarna jafnframt því að leggja áherslu á samgöngubætur sem greitt gætu fyrir sameiningu sveitarfélaga á Vestfirðum“.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti svo á fundi sínum þann 30. september í fyrra, þegar Breiðadals- og Botnsheiðagöngin voru rétt orðin nýu ára gömul, að fela Vegagerðinni að hefja rannsóknir og undirbúning að jarðgangnagerð um Óshlíð með það fyrir augum að framkvæmdir gætu hafist haustið 2006 – þ.e.a.s. um þetta leyti árs. Gert var ráð fyrir því í tillögum að jarðgöngin yrðu um 1.220 metrar

að lengd milli Einbúa og Hrafnakletta og kostuðu um einn milljarð króna. Nokkuð skiptar skoðanir voru meðal íbúa á norðanverðum Vestfirðum um staðsetningu fyrirhugaðra jarðgangna, og lengd þeirra. Töldu margir að með þeim jarðgöngum sem stóð til að gera væri lítill sigur unninn þar sem þau áttu ekki að ná alla leið frá Bolungarvík til Ísafjarðar og því væri enn nokkur hluti vegarins óöruggur. Aðrir sögðu þetta mikinn áfangasigur og fögnuðu því hversu hratt og örugglega stóð til að gera göngin.

Bæjaryfirvöld í Bolungarvík voru klofin í málinu, en bæjarráð óskaði þó eftir því að Vegagerðin hlutist til um að gerður verði samanburður á fyrirhuguðum gangnaframkvæmdum á Óshlíð við annars vegar stærri framkvæmd á Óshlíð og hins vegar göng úr Syðridal í Bolungarvík yfir í Tungudal á Ísafirði.

Þá voru margir gríðarlega ánægðir, og nægir að nefna orð Einar Kristins Guðfinnssonar í grein á bb.is: „Það var sérlega ánægjulegt fyrir mig að það skyldi gerast á mínum fyrsta ríkisstjórnarfundum að ákvörðun var tekin um að fela Vegagerðinni að hefja nú þegar rannsóknir og athuganir sem miða að því að hægt sé að hefjast handa um jarðgangagerð undir Óshlíð (á milli Bolungarvíkur og Hnífsdals) á árinu 2006. Betri ákvörðun gat ég ekki hugsað mér að fá að vera þátttakandi í að taka, en einmitt þessa. Og það er óhætt að fullyrða að hér er um öflugustu byggðaaðgerð sem unnt var að grípa til fyrir norðanverða Vestfirði.“

Gríðarleg vonbrigði

Boranir könnunarhola í Óshlíðinni hófust í byrjun febrúarmánaðar og gengu vel. Meðal annars voru boruð djúp skáhola við Einbúa og tverrunnar holur yfir fyrirhuguðum munna gangnanna, 13 og 27 metra djúpar. Ágúst Guðmundsson, jarðfræðingur hjá Jarðfræðistofunni, sem vann að rannsóknum á Óshlíð sagði bergið jafnan þétt og gott og þó stöku kaflar væru lausir í sér væri það ekkert sem myndi stoppa jarðgangnagerðina. Í samtali við Bæjarins besta í lok janúar sagði Ágúst þær áætlanir sem voru í gangi vera ódýrustu leið sem hægt væri að fara til að leysa hlut vandans í Óshlíðinni. Í því samtali sagðist hann einnig halda að mögulegt væri að hefja borun ganganna sjálfra í fyrsta lagi

seint í haust.

En gleðin yfir skjótum handtökum stjórnvalda var skammvinn, og „[g]amla bolvíska aðferðin að vinna án hávaða en með þrautseigju“, reyndist ekki endilega jafn fljótleg og ráðherrann Einar K. Guðfinnsson hafði talið í grein sinni þar sem hann fagnaði ákvörðun síns fyrsta ríkisstjórnarfundar. Ríkisstjórnin ákvað að slá á frest öllum útboðum til að mæta verðbólgu og þenslu í þjóðfélaginu. Stærstu verkin sem bjóða átti út í haust samkvæmt vegáætlun og höfðu verið auglýst voru: Djúpvegur, frá Reykjanesi að Hörtná; Tröllatunguvegur á Ströndum, oft kallaður vegur um Arnkötludal og framkvæmdir í Kollafirði í Gufudalssveit.

Fyrir utan starfsstöðvar Vegagerðarinnar á Hólmavík, á Ísafirði og á Patreksfirði var flaggað í hálfa stöng, til þess að mótmæla frestunum, til lítillar kátínu samgönguráðherra sem sagði athæfið hneykslisvert. Einar Kr. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, áréttaði að um frestun framkvæmda væri að ræða en ekki niðurskurð og sagði aldeilis fráleitt að tala um að frestunin yrði áralöng. Hér vestra kepptust menn, stofnanir, sveitarstjórnir við að álykta gegn frestunum og sagði bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar meðal annars í viðtali við Bæjarins besta að hann gæti ekki stutt ríkisstjórnina í þessu máli.

„Það er engin þensla á Vestfirðum og það ber að taka á vandanum þar sem hann er uppruninn, þ.e.a.s. á höfuðborgarsvæðinu“, sagði Halldór, en bætti því við vissulega yrði að sporna við þenslunni og að hann væri stuðningsmaður þess, en ekki ef það þýddi frestun á nauðsynlegri vegagerð á Vestfirðum. „Sveitarfélögin geta tekið sig til og frestað verkefnum sem ekki eru komin í útboð og ég tel að Ísafjarðarbær sé tilbúinn til þess. En umbætur á vegakerfinu hér vestra eru einfaldlega of mikilvægar og of lengi búið að biða eftir þeim til að réttlæt看legt sé að fresta þeim“, sagði Halldór.

Þegar rætt var við Einar Kristinn í lok júní mánaðar sagði hann að ótrúverðugt hefði verið af hálfu ríkisstjórnarinnar að biðla til sveitarstjórna um niðurskurð til að mæta þenslunni en halda svo áfram með útboð og verk á vegum ríkisins. „Það sem um er að ræða er að ríkisstjórnin ákvað að frysta öll útboð tímabundið meðan á viðræðum við sveitarfélögin í landinu stendur og ég tel að niðurstaðan úr þeim viðræðum verði sú að ríki og sveitarfélög fresti einhverjum framkvæmdum. En það verður alls ekki svo að allar framkvæmdir frestist til ársins 2008 eins og haldið hefur verið fram“, sagði Einar, og bætti við að engin ástæða væri til þess að rjúka upp þó hann skildi vel að Vestfirðingar hefðu áhyggjur af þessum málum. Þá sagði hann að



Fjöldi manns skoðaði göngin.

allur undirbúningur útboða héldi áfram eins og ekkert hefði í skorist, og útilokaði ekki að vegafarmkvæmdir yrðu boðnar út í haust – það er núna – en ítrekaði að allar ákvarðanir yrðu teknar í kjölfarið á viðræðum ríkisins við sveitarfélögin.

„Öll frestun er til að þyngja róðurinn“

Samgönguráðherra lýsti því yfir nýlega að árið 2008 yrði framkvæmdum við brú yfir Mjóafjörð og aðliggjandi yfir lokið auk Tröllatunguvegar. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar ályktaði á fundi sínum undir lok ágúst mánaðar að ef svo ætti að vera þá mættu útboð verka ekki dragast mikið lengur.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra fundaði með forráðamönnum stærstu sveitarfélaga landsins undir lok ágúst mánaðar og var fundurinn liður í samráði ríkis og sveitarfélaga í aðgerðum sem ríkisstjórnin biðaði til fyrir í sumar til að sporna við þenslu í þjóðfélaginu. Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sat fundinn og sagði í samtali við Bæjarins besta að stærstu

sveitarfélögin hafi frestað einhverjum framkvæmdum á þessu ári. Halldór sagði að auki að hann hefði á fundinum lagt áherslu á sérstöðu Vestfirðinga, framkvæmdir við vegakerfið þyldu enga bið og að horfa þyrfti á málið byggðatengt. Ekki stendur til að svo stöddu að fresta framkvæmdum hjá Ísafjarðarbæ en mestu framkvæmdir í háa herrans tíð standa nú yfir hjá sveitarfélaginu. Stækkun Grunnskólans sem er stærsta einstaka verkið var komið í útboð áður en ríkið boðaði til aðgerða sinna. Ekki hefur fengist uppgefið hvenær þessum aðgerðum lýkur, ríkisstjórnin ætlar að sjá hvaða árangri þær skila við kælingu hagkerfisins áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Líklegast verður það þó ekki fyrr en við afgreiðslu fjárlaga í haust.

Nú síðast hvatti Fjórðungsþing Vestfirðinga, sem haldið var í Súðavík 1. og 2. september 2006, stjórnvöld til að standa við gefin loforð um uppbyggingu vega á Vestfirðum í samræmi við samþykktu samgönguáætlun. Í ályktun þingsins segir m.a.: „Samgöngukerfi sem svarar

kalli tímans er forsenda fyrir atvinnulífi og byggð á Vestfirðum og hefur það verið undirstrikað í fjölmörgum ályktunum frá atvinnulífi, sveitarstjórnum og fjölda félagasamtaka. Öll frestun er til að þyngja róðurinn í uppbyggingu svæðisins og það ætti síst að höggva í þann málaflokk sem er því hvað mikilvægastur.“

Hvað framtíðin ber í skauti sér í jarðgangnamálum Vestfirðinga er óljóst. Samgöngubætur þær sem urðu af Breiðadals- og Botnsheiðargöngum eru óumdeildar, og er sá einstaklingur væntanlega vandrúfundinn sem ekki viðurkennir að Óshlíðin er stórhættulegt og í raun ekki við hana búandi, frekar en malarstíga og einbreiða drulluslóða þá sem boðið hefur verið upp á hér vestra langtum of lengi. Vestfirðingar geta ekki annað en vonað að úr þessu ástandi verði bætt sem allra fyrst, og enn á ný fái jarðgöng að glæða vonir manna og auka trú þeirra á fegurir og gleðiríkari tilveru, eins og Þorsteinn Jóhannesson, fyrrum forseti bæjarstjórnar, komst svo skáldlega að orði við opnun gangnanna fyrir tíu árum. –eirikur@bb.is



Gangnamunninn hálfkláraður.

Smáauglýsingar

Sófasett, 3+2+1 fæst fyrir lítinn pening. Uppl. í sínum 897 6790 og 863 1642.

Til sölu eru 31" og 33" nýleg heilsárs jeppadekk. Seljast á hálfviri. Uppl. í síma 895 0292.

Ljuf og barngóð, fjögurra ára, Boxer Spaniel tik fæst gefins á gott heimili vegna breyttra heimilisáðstæðna. Upplýs. í síma 897 9360.

Óska eftir að leigja litla íbúð þar sem leyfilegt er að vera með hunda. Uppl. í síma 895 6004.

Óska eftir að kaupa þægan hest með tölt og brokk á hreinu. Uppl. í síma 862 3679 (Lóa).

Óska eftir að kaupa þrjónavél. Uppl. í síma 862 3679 (Lóa).

Til sölu er Nissan Sunny, 4x4, árg. 91. Verð kr. 30 þús. Uppl. í síma 861 4681.

Til sölu er mjög góð íbúð á 3. hæð á Hlíf. Íbúðin snýr að höfninni. Uppl. gefur Kristján í síma 895 7171.

Þvottavél óskar fyrir lítinn pening. Uppl. í sínum 456 4097 og 845 5625.

Til sölu er WV Golf árg. 98, ekinn 140 þús. km. CD spilar og álfelgur. Uppl. í síma 848 2087.

Óska eftir Skoda Octavia árg. 2002-04, 4x4. Upplýs. í síma 848 2087.

Óska eftir systkinastandi á kerru. Uppl. í síma 868 2068.

Aukin aðsókn að Byggðasafninu

Senn lokar Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað eftir annasamt sumar. Jón Sigurpálsson safnvörður segir að um 8000 manns hafi sótt safnið í sumar og er það fjölgun um 1000 manns, endanlegar tölur liggja þó ekki fyrir.

Mjög rólegt er orðið á safninu og lokar það senn. Stærsta skemmtiferðaskip sumarsins á eftir að koma til Ísafjarðar og að öllum líkindum munu margir farþegar þess sækja safnið.

– smari@bb.is

Ertu orðin(n) áskrifandi?
Síminn er 456 4560

Haldið áfram að sá í snjóflóðagarðinn

Uppgræðslustarfi í snjóflóðavarnagarðinum við Seljaland er ekki lokið en upprunalega stóð til að það tæki tvö ár. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd stingur gras garðsins í stúf við þetta venjulega græna gras sem við þekkjum, er rauðleitt á lit og stráin ansi löng. Þá eru ansi stórir blettir sem eru ekki grónir og segir Jóhann Birkir Helgason að sáð verði í þá bletti, hvort það verði gert í haust eða næsta vor veit hann ekki, tæknideild á eftir að ráðfæra sig við fagmenn. Gert er ráð fyrir að grasid sem sáð var myndi skjól og bindi jarðveginn fyrir aðrar plöntur sem var plantað og víki því næst. Hugmyndin er að gróðurfar garðsins verði sem líkast því sem gerist í náttúrunni í kringum hann.



Snjóflóðagarðurinn við Seljaland

Vel heppnað afmælistmót hjá Stefni

Afmælistmót Stefnis í innanhússfótbolta var haldið á laugardag í tilefni af aldarafmæli félagsins og heppnaðist það mjög vel. Lið frá þorpunum í nágrenni Suðureyrar tóku þátt í mótinu. Voru það lið Höfrungs á Þingeyri, Grettis á Flateyri og Geisla í Súðavík auk Stefnis. Mótið mæltist mjög vel fyrir og allir mjög sáttir við fyrirkomulag þess. Keppt var í þremur flokkum og var veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki og enn fremur bikar fyrir flest stig samanlagt í öllum flokkum. Þar er um að ræða veglegan bikar sem UMFÍ afhenti Stefni í tilefni af 100 ára afmælinu. Var ákveðið að hann yrði farandbikar sem keppt yrði um árlega á milli þessara liða héðan í frá. Skemmst er frá að segja að Ungmennafélagið Geisli í Súðavík sigraði alla flokka og þar með mótið sjálft, en Stefni varð í öðru sæti.

– thelma@bb.is



Þátttakendur á mótinu voru frá nágrennaþorpum Suðureyrar. Mynd: Páll Önundarson.

STAKKUR SKRIFAR

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Stjórnmalamenn og umferðin

Þegar þessi orð eru sett á blað hafa 19 lástir í umferðinni á Íslandi frá síðustu áramótum. Þar af týndu sex lífi í síðasta mánuði. Sagan kennir okkur að ágúst sé mánuður mannfórna í umferðinni. Fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis og samgönguráðherra hefur lýst því yfir að grípa verði til viðbragða. Það er þakkarvert að láta sig skipta hvort fólk deyr á vígvelli umferðarinnar og reyna að koma í veg fyrir að svo verði. En eru áherslur réttar? Samgönguráðherra ber ábyrgð á umferðinni fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og dómsmálaráðherra á lögreglunni. Hér skarast málefnið heldur betur.

Umræðan um það hvornig skuli tekið á því að stærsti vígvöllur þjóðarinnar sé á þjóðvegum landsins og götum borgar og bæja tekur á sig ýmsar myndir. Þegar tilkynntur er dauði manns í umferðarslysi tala allir sömu röddu og segja „þetta er hræðilegt“. Samúð er óskipt með aðstandendum fórnarlambanna. Minna ber á henni, lífi menn hörmungarnar af en búa engu að síður við ævilöng örkuml. Hið furðulega er þó að viðhorf margra er að lögreglan sé vandamálið. Hún stöðvar ökumenn og sektar og það finnst mörgum argasta ósvífni, sérstaklega þeim sem eru á stærstu og/eða dýrustu bílunum. Bílarnir eiga að vera svo góðir að ekkert geti komið fyrir ökumenn þeirra og farþega.

Þarna gægist fram á afar óvirkulegan hátt ósvífni þeirra sem þannig hugsa og haga sér. Enginn er einn í umferðinni og aðrir verða fyrir tjóni á eignum, lífum og lífi, þótt þeir fari að reglum og hagi sér eins og síðað fólk.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera ljóst að sektir fyrir brot á umferðarlögum eru svo lítilsmegandi að þær hafa ekki áhrif á aksturslag flestra ökumanna. Nú skal því haldið fram af óbilandi bjartsýni og trú á mannkynið að langflestir ökumenn hagi sér með þeim hætti að lítt verði að fundið. Það er greinilega ekki nóg. Því hinir eru það stór minnihluti akandi fólks að ekki sér fyrir endann á slysum, eignatjóni, meiðslum og dauða fólks.

Hvað ætlar samgönguráðherra að gera? Helst verður skilið að hann ætli að semja við lögregluna í landinu um að sinna betur umferðareftirliti. Gott og vel. Væri ekki nær að lögreglan í landinu hefði tækifæri til þess að sinna umferðareftirliti, sem er vissulega eitt af hennar verkefnum heldur en að samgönguráðherra geti látið af fé samgöngumála til hennar, svona rétt eins og þegar fólki var skammtað úr hnefa það sem það fengi til að eta á öldum fyrr? Enginn efast um góðan vilja samgönguráðherra, en aðferðirnar eru tæpast réttar eða treystir fjárveitingarvaldið ekki lögreglunni til verka? Þá ályktun mætti draga af því að nóg fé sé til í samgönguráðuneytinu til að sinna löggæslu á götum og vegum, en hins vegar ekki hjá lögreglunni.

Tímabært er að samgönguráðherra boði til sérstaks málþings með öllum sem að umferðarmálum koma og þar á meðal lögreglunni. Blóðbaðinu verður að linna.



Atburðurinn átti sér stað í bílageymslu lögreglustöðvarinnar á Ísafirði.

Dæmdur í fangelsi fyrir að hótla lögreglumönnum

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt mann fyrir að hafa í hótunum við lögreglu á Ísafirði. Maðurinn hótaði þremur lögregluþjónum þar sem þeir sinntu skyldustörfum sínum í tengslum við handtöku ákærða, og sagðist hann myndu lífláta þá, fjölskyldur þeirra og börn, og segir í dómsúrlausn að þetta hafi vakið lögreglumönnum ótta um velferð sína og fjölskyldna sinna. Ákærði hefur komið fyrir dóm og játað sök. Hann tekur fram að hann muni ekki eftir atvikum, en rengir ekki að hann hafi haft uppi þær hótanir sem

hann er ákærður fyrir. Með játningu ákærða, sem samrýmist rannsóknargögnum verður hann sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga fyrir hótanir í garð þeirra lögreglumanna sem voru á vakt. Tveir lögreglumenn voru á vakt, en einn var á frívakt en staddur á vettvangi er ákærði var handtekinn. Fékk varðstjóri aðstoð hans við að flytja ákærða á lögreglustöð. Verður ákærða einnig refsað fyrir brot gegn 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga fyrir hótanir í hans garð, með tilliti til

ákvæðis 3. mgr. sömu greinar.

Þá segir í dómsúrlausn: „Í ákæru er ekki tekið fram með hvaða orðum ákærði lét greindar hótanir falla, en í kæruskýrslu eru tekin sem dæmi um þær mjög alvarleg orð. Ljóst er að ákærði var verulega ölvæður er hann lét þessi orð falla, en ekki er almennt séð tækt að gera lögreglumönnum við skyldustörf að láta slík orð sem hér um ræðir sem vind um eyru þjóta sem meiningarlaust drykkjuraus.

Ákærði hefur sætt sektarrefsingu fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningar-

laga með viðurlagaákvörðun 1. júní 2005. Með tilliti til sakaferils hans og þess hve alvarlegar hótanir hans voru, verður honum gert að sæta fangelsi í tvo mánuði, sem rétt er að skilorðsbinda eins og greinir í dómsorði.“

Ákærði var dæmdur til að sæta fangelsi í tvo mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá upphöf þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

– eiríkur@bb.is

Bryndís íhugar framboð

Bryndís Friðgeirsdóttir frá Ísafirði íhugar alvarlega að sækjast eftir sæti ofarlega á lista Samfylkingarinnar fyrir Alþingiskosningarnar í vor. Eins og kom fram í fréttum bb.is finnst Samfylkingarfólki á Vestfjörðum það vera miður að enginn fulltrúi fjórðungsins skuli sitja á Alþingi fyrir flokkinn. Bryndís, sem sat í bæjarstjórn Ísafjarðar um árabil, segist hvergi nærri vera hætt í pólitík þrátt fyrir að hafa ekki tekið sæti á framboðslista í-listans í vor.

Að sögn Bryndísar þarf flokkurinn á því að halda að rödd Vestfirðinga heyrast á Alþingi og segir hún vera nóg af öflugum fólki fyrir vestan í flokknum. Bryndís segir að það sé margt sem þurfi að huga að þegar svona ákvörðun er tekin. „Ef mér finnst það vera sterkur leikur fyrir flokkinn að ég sitji í einu af efstu sætum þá mun ég sækjast eftir því. Það þarf að koma ríkisstjórninni frá og ég mun leggja mig fram við það.“ Hún segir að sé mjög líklegt að hún sitji á lista flokksins næsta vor, en spurning hver su ofarlega það verður.

„Ég hef sem varamaður

farið á þing og þingmennskan er mér ekki alls ókunnug.“ Þar á Bryndís við þegar hún tók sæti á Alþingi sem varamaður fyrir Alþýðubandalagið. Þá segir Bryndís að hún geri sér grein fyrir að þingseta kallí á búsetu í Reykjavík, en sér líði vel á Ísafirði og hún þurfi að hugsa sig vel um hvort að hún sé tilbúinn að flytja.“

Samfylkingarfélag Ísafjarðarbæjar ætlar að funda næstkomandi sunnudag og segir Bryndís þar muni menn ráða ráðum sínum og ræða hvað uppstillingar fyrirkomulag henti Vestfirðingum best. Fundur kjördæmisráðs Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi verður haldinn á Ísafirði 16. september. Á fundinum mun það ráðast hvaða aðferð verður beitt við uppröðun á lista fyrir kosningarnar.

Anna Kristín Gunnarsdóttir þingmaður flokksins í Norðvesturkjördæmi hefur lýst því yfir að hún ætli að sækjast eftir áframhaldandi setu á Alþingi. Enn er beðið eftir því hvað Jóhann Ársælfsson, efsti maður á lista Samfylkingarinnar fyrir fjórum árum, ætli að gera.

Stakkur efast um ráðningu Gríms – bæjarstjórinn svarar

Í síðasta blaði Bæjarins besta voru málefni Bolungarvíkur og þá sér í lagi ráðning Gríms Atlasonar í stól bæjarstjóra Stakki hugleikin. Stakkur virðist vera ekki hrifinn af vali bæjarstjórnar á Grími og segir hann meðal annars í pistlinum að það sæti furðu að Grímur sem er þroskaþjálfari að mennt hafi verið tekinn fram fyrir menn sem hann telur vera betur menntaða í starfið. Um það segir Stakkur:

„Reyndar hafa margir velt því fyrir sér hvers vegna þroskaþjálfari hafi verið tekinn fram yfir marga sem virðast hafa margt til brunnar að bera er duga má til þess að stjórna í samræmi við kenningar nútímans. Við því á aðeins bæjarstjórn Bolungarvíkur svar. Hún hefur neitað að rökstyðja opinberlega ákvörðun sína.“ Eins og kunnugt óskaði Guðrún Stella Gissurardóttir, umsækjandi um starfið, eftir rökstyðningi bæjarstjórnar áráðningu Gríms. Svaraði Soffía Vagnsdóttir forseti bæjar-

stjórnar Bolungarvíkur því til að það yrði gert, en sá rökstyðningur yrði ekki gerður opinber nema Guðrún Stella kjósi sjálf að koma honum til fjölmiðla. Þá gerir Stakkur að umtalsefni þá ætlan meirihlutans að verðlauna Grím takist honum að fjölga Bolvíkingum á kjörtímabilinu:

„Kannski hefði fremur átt að veita bæjarstjóra umbun fyrir að ná fram jarðgöngum milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Fróðlegt verður að fylgjast með því hvernig bæjarstjórnin lætur til sín taka í fjölgunarmálum. Mun hann nota gamla alþekktu aðferð, sem mörgum þykir skemmtileg og heilsuþætandi eða á að flytja inn fólk frá útlöndum?... Getur verið að þögn forseta bæjarstjórnar um ástæður þess að sá ágæti maður var ráðinn, sem ráðningu hlaut, stafi af því þeir ákvörðuninni réðu hafi talið hann búa yfir menntun og kostum sem myndu nýtast þeim sem sitja í meirihlutunum við vandsöm og



Grímur Atlason.

erfið störf þeirra að stjórnun Bolungarvíkurkaupstaðar næstu fjögur árin eða réðu aðrir kostir sem munu nýtast við að fjölga bæjarbúum næstu fjögur árin?“

Grímur svaraði Stakki á heimasíðu sinni. Í greininni sem að Grímur nefnir Stakkeina í höfuðið á Staksteinum Morgunblaðsins segir hann að greinarhöfundur skrifi með mikilli fyrirleitningu á þeirri stétt sem hann tilheyrir, og gott væri ef þroskaþjálfar kæmst í stöður þar sem völdin liggja. Grímur segir að

Staksteinar, sem oftast eru eignaðir Styrmí Gunnarssyni ritstjóra, séu skrifaðir með góðum stíl en svo sé ekki með Stakk.

Um pistilinn sagði Grímur: „Stakkpistill BB í dag er skrifaður með fyrirleitningu fyrir þeirri ágætu stétt sem ég tilheyrir. Mikil er fávíska manna sem skrifa svona. Fáar stéttir veit ég skipulagðari og með betri menntun en þroskaþjálfari. Það er aumt að vitgrannir menn geta skotið í skjóli nafnleyndar með þessum hætti. Pillurnar eru rætnar og beinast gegn starfsstétt sem þyrfti svo sannarlega að komast á þá staði þar sem hin svokölluðu völd liggja. Það er auðvitað bara alheimska, þröngsýni og fordómar (fyrir utan leiðinlegan og þurrkuntulegan stíl) sem hrjá Stakk. Gróa vinkona segir Stakk búa í Flóanum og oftast en ekki eru viðfangsefni hans Hellisheiðin – kannski þarf þroskaþjálfari þangað svo jarðgöng komist á dagskrá?“ – smari@bb.is



Náms- og starfsráðgjafi óskast

Fræðslumiðstöð Vestfjarða óskar eftir að ráð til sín náms- og starfsráðgjafa. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið:

Náms- og starfsráðgjöf í fyrirtækjum og víðar.

Ráðgjöf á sviði sí- og endurmenntunar.

Hönnun námskeiða og fræðsluáætlaða.

Ýmiss önnur verkefni.

Hæfniskröfur:

Menntun á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum.

Metnaður, áhugi og sjálfstæði í starfi.

Skilningur og læsi á vestfirskt samfélag.

Umsóknnum, ásamt staðfestingum á menntun, fyrri störfum og hæfni, skal skila til Smára Haraldssonar, forstöðumanns Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða, sem einnig veitir frekari upplýsingar í síma 456 5025 eða í netfangi smari@frmst.is

Umsóknarfrestur er til 30. sept. 2006.



NÚ SEGJUM VIÐ STOPP!

Það sem al er þessu ári hafa nítján einstaklingar látið lífið í umferðarslysnum á Íslandi. Við skorum á alla Íslendinga að segja stopp. Sýnum samstöðu og fjölmennum á borgarafundi gegn umferðarslysnum sem haldnir verða viðs vegar um landið fimmtudaginn 14. september kl. 17.15.

Fundarstaðir: **Ísafjörður – Ísafjarðarkirkja**

Reykjavík – Hallgrímskirkja





Akureyri – Akureyrarkirkja

Egilsstaðir – Menntaskólinn á Egilsstöðum

Selfoss – Fjölbrotaskóli Suðurlands

Reykjanesbær – Sápinn

Borgarnes – Borgarnesarkirkja





Turninn drabbast niður

Það fer ekki fram hjá fólki sem ekur Fjarðarstrætið að eitt helsta kennileiti bæjarins, turn Slökkvistöðvarinnar er bjarfælaginu ekki til sóma. Málning af stórum hluta flögnuð af og segir Jóhann Bæring Gunnarsson hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar að hann geri sér fyllilega grein fyrir því að það þurfi að taka hann í gegn. Til stóð að mála hann og gera sem nýjan í ár en ákveðið var að fara frekar í framkvæmdir innanhúss sem miða að því að gera aðstöðu starfsmanna betri, þá aðallega uppsetningu reyrkræstibúnað fyrir bíla Slökkviliðsins. Búið er að vinna að hluta útboðsgögn fyrir viðhald turnsins.

– smari@bb.is

Torfæruhjóla-stóll á Ísafirði

Endurhæfingardeild Heilbrigðisstofnunarinnar í Ísafjarðarbæ fékk á dögunum nokkurs konar torfæruhjóla-stóll, að því er fram kemur á heimasíðu stofnunarinnar. Íþróttasamband fatlaðra útlutaði stólnum, en hann er með breiðari og stærri dekkjum en venjulegur hjólastóll

og því tilvalinn til ferðalaga utan malbiks, og jafnvel alfaraleiða. Að því er fram kemur á heimasíðu Heilbrigðisstofnunar er hægt að fá stólinn lánaðan til lengri eða skemmri tíma á endurhæfingardeild stofnunarinnar, en sími þar er 450-4558. – eirikur@bb.is



Hér má sjá Elmu Guðmundsdóttur reynsluaka stólnum í Kaldalóni á dögunum.

Von á endurskoðaðri útgáfu af Nautnastuldi eftir Rúnar Helga

Von er á endurskoðaðri útgáfu af skáldsögunni Nautnastuldi, eftir Ísfríðinginn Rúnar Helga Vignisson, á næstunni. Þetta kemur fram á heimasíðu Græna hússins, forlags Rúnars. Bókin, sem fjallar um hinn þunglynda og uppburðarlitla rithöfund, Egil Grímsson, naut nokkurra vinsælda á sínum tíma og var meðal annars tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 1990. Um hana

sagði bókmenntafræðingurinn Matthías Viðar Sæmundsson, heitinn, meðal annars: „Hér er fengist af einlægni og alvöru við vanda sem ef til vill er lykill að samtíma-reynslu okkar, vanda sem ekki verður lýst til hlítar nema í skáldskap. Sagan er að auki þétt í sér og merkingarrík, full af tilvísunum, beinum og óbeinum.“ Rúnar Helgi fylgdi Nautnastuldi svo eftir í síðasta bóka-



Rúnar Helgi Vignisson.

flóði með sjálfstæðu framhaldi sem kallaðist Feigðarflan, og var Egill þar kominn aftur fimmtán árum síðar, enn jafn þunglyndur en ákveðnari í að gera eitthvað í málinu. Sú bók gerist meðal annars á Ísafirði. Þess má geta að samkvæmt því sem fram kemur á heimasíðu Græna hússins verður Feigðarflan lesin á námskeiði um samtímabókmenntir við bókmenntafræðiskor HÍ nú í haust.

Netheimar gera samstarfs-samning við Securstore

Tölvufyrirtækið Netheimar á Ísafirði hefur gert samstarfs-samning við Securstore um afritunarþjónustu sem á að veita fyrirtækjum og stofnunum mun meira öryggi, áreiðanleika og þægindi. Í dag er um 150 fyrirtæki og stofnanir sem nýta sér þessa þjónustu, allt frá litlum fasteignasölum

til stórra fyrirtækja og stofnana eins og Tryggingamiðstöðvarinnar og RARIK. Fyrirhugað er að halda kynningu á þjónustunni á næstunni og er þeim fyrirtækjum á Vestfjörðum sem hafa áhuga á að kynna sér þetta bent á að hafa samband við Netheima í síma 456 5006. – eirikur@bb.is



KFÍ útlend-ingalausir

Tæpur mánuður er í að körfuknattleikstímabilið hefjist og enn eru leikmannamál KFÍ ekki komin á hreint. Til stendur að fá tvo leikmenn og einn þjálfara frá Makedóníu og Serbíu en reglugerðarbreyting veldur því að erfitt er um vik að fá atvinnuleyfi fyrir mennina. Þegar þeirra ríkja sem ganga í Evrópusambandið fljótlega, einsog Pólland og Rúmenía, ganga fyrir í afgreiðslu atvinnuleyfa en körfuboltafélög á Íslandi hafa lengi sótt mjög fyrrum Júgó-

slavíu í leit að leikmönnum. Ingólfur Þorleifsson formaður KFÍ segir að þetta sé hvítleitt, umsóknin er í kerfinu en eins og greina megi á fréttaflokkningi síðustu daga um kennitölulaus börn á Vestfjörðum tekur þó nokkurn tíma að afgreiða svona umsóknir. Þá segir Ingólfur að ástæða þess að leitað er til landa fyrrum Júgóslavíu vera þá að þar séu góðir leikmenn sem eru jafnframt tilbúnir að spreyta sig fyrir mun minni pening en leikmenn annarra landa.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Jöggíttur fasteignasali
Guðmundur Óli Tryggvason
Jöggíttur fasteignasali

Helgustreiti 9 • Ísafold • Sími 456 3344
Faxi 456 4547 • Netfang: olgu@bb.is
Hólmundur www.fo.is

1. Eignarhluti 10, Ísafold

93,1 m² þrjúgar herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu í nágrenni. Gert útgáfa yfir báðum.

18.500.000,-

11. Eignarhluti 10, Ísafold

185 m² stórnýtt endurbyggt í þremur hæðum ásamt 27 m² sér bíðstæði. Í kjallara er sér íbúð um 30 m² sem hægt er að leiga út.

18.500.000,-

12. Eignarhluti 10, Ísafold

118 m² stórnýtt raðhúsi á þremur hæðum í Hlíðarvörðum, sér garður, völparkar, 3 vöðherbergja.

11.500.000,-

13. Eignarhluti 10, Ísafold

80,6 m² þrjúgar herbergja íbúð á efri hæð í nýlaga stórnýttu fjölbýlishúsi, hús var byggt árið 1995.

7.000.000,-

14. Eignarhluti 10, Ísafold

Nýjar og gleðilegar íbúðir í fjölbýlishúsi með lyftu, vöðparkar þrjúgar herbergja íbúðir ásamt bíðstæði í hlaðgrytnu á jafnhæð.

18.2.Á.19.2

15. Eignarhluti 10, Ísafold

175 m² stórnýtt einbýlishúsi á þremur hæðum, byggt árið 1957 ásamt 28 m² bíðstæði.

19.000.000,-

16. Eignarhluti 10, Ísafold

73 m² þrjúgar herbergja íbúð á jafnhæð í fjölbýlishúsi, útgengt í stofa bent út í garð, sér geymsla í nágrenni og stórnýttu þvottahúsi á jafnhæð.

8.700.000,-

17. Eignarhluti 10, Ísafold

Finnur herbergja íbúð á efri hæð í tvíryðishúsi ásamt kjallara og eignarhluti 100 hæð með útgang og forstofa er um 112 m², en kjallari er um 100 m², samtals er eignin því 212 m².

18.900.000,-



rifka
cosmetics


Kynningartilboð föstudaginn 15. og laugardaginn 16. september

Ef keypt er fyrir 3.900 kr eða meira fylgir glæsileg gjöf.

Fagfólk rifka aðstoðar þig við valið.



Lyfja • Pollagata 4 • Sími 456 3009 • Opnuratími 10:00 -18:00 virka daga og 11:00-13:00 laugardaga



Ásdís Svava Hallgrímsdóttir.

Ungfrú Heimur keppnin hafin

Ásdís Svava Hallgrímsdóttir, 19 ára Ísafirðingur og fulltrúi Íslands í keppninni Ungfrú Heimur, er stödd út í Póllandi þar sem hún á eftir að dvelja næstu fimm vikurnar ásamt yfir hundrað öðrum keppendum. Lokakeppnin verður haldin í Varsjá 30. september og verður sýnd í beinni sjónvarpsútsendingu á Skjá einum. Henni er spáð góðu gengi enda stórglæsileg stúlka þar á ferð. Núverandi Ungfrú Heimur, Unnur Birna Vilhjálmssdóttir, mun ábyggilega veita löndu sinni stuðning en hún mun einnig dvelja úti fram að keppni til að vera keppendum til halds og trausts. Ásdís Svava er dóttir Hallgríms Magnúsar Sigurjónssonar og Jóhönnu Einarsdóttur á Ísafirði en sjálf er hún búsett í Kópavogi. Ásdís Svava er sú vestfirska stúlka sem náð hefur mestum árangri í fegurðarsamkeppni. Hún hafnaði í öðru sæti bæði í Ungfrú Reykjavík og Ungfrú Ísland auk þess að vera kjörin O'Neal stúlkan. Ásdís Svava hefur vakið mikla athygli fyrir þokka og fegurð og hreppi fyrr á árinu hlutverk í danska spennumyndaflokknum Erninum þar sem hún lék suðræna fegurðardís. Í keppninni Ungfrú Heimur mun koma í ljós hvort Ásdís Svava búi yfir tónlistargáfu jafnt og leikhæfileikum en hún hyggst syngja í hæfileikakeppni sem er liður í keppninni. Margir hafa haft orð á því í fjölmiðlum undan-



farna mánuði hve mikla útgeislun stúlkan hafi og sé falleg að innan sem að utan. Enda virðist hún sjálf hafa mjög heilbrigt viðhorf gagnvart útliti. „Fyrir mér er fegurð afsteð. Það er alveg ljóst að við höfum ekki öll sama smekkin, sem betur fer. Fegurð er eitthvað sem hrífur mig, hvort sem það á við fólk, landslag, tónlist eða annað“, segir Ásdís Svava á ungfruisland.is. Á heimasíðu Ungfrú Ísland segir Ásdís Svava að hún hafi í hyggju að verða lækni í framtíðinni og sérhæfa sig í barnalækningum.

Nú þegar hefur verið keppt í bikíní flokknum á Ungfrú Heimur en þar komst Ásdís ekki áfram. Það var ungfrú Venesúela sem hreppi hnossið og hefur því tryggt sér sæti í topp 16 á lokakvöldinu. Áhugasömum er bent á heimasíðu Ungfrú Ísland (www.ungfruisland.is) og Ungfrú heimur (www.missworld.tv/) þar sem uppfærðar eru reglulega fréttir af keppninni. – thelma@bb.is

www.flugfelag.is | 570 3400



Hvað kemst fraktin þín hratt?

Tíminn flýgur hratt og með Flugfrakt Flugfélags Íslands gefst þér kostur á að taka þér far með honum. Það er örugglega besta leiðin til að tryggja það að fraktin þín komist sem hraðast á áfangastað.

Sækjum, fljúgum og afhendum

Einn þáttur í starfsemi Flugfraktar Flugfélags Íslands er að bjóða upp á þá þjónustu að sækja fraktina til viðskiptavina, koma henni í flug og afhenda á áfangastað. Það gildir einu hvort um flutning á matvörum og öðrum viðkvæmum vörum er að ræða. Við leysum það með fullkomnum frysti- og kæligeymslum og höldum utan um allt ferlið með tölvuvæddu farmbréfaberfi.

Kynntu þér flutningaþjónustu okkar á www.flugfelag.is eða hafðu samband í síma 570 3400 og fáðu upplýsingar um hvernig við getum aukið forskot fyrirtækisins, með flutningum sem ganga hratt fyrir sig.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



Gæða- og lagerstjóri hjá Ásel ehf

Ásel ehf., óskar eftir gæða- og lagerstjóra í hellusteypu fyrirtækisins. Skilyrði er að viðkomandi hafi vinnuvélaréttindi og meira-próf.

Nánari upplýsingar fást í síma 456 4200 og á netfanginu asel@asel.is.

Huggulegt á haustkvöldum...

98
680g

98
DAU
Radical

679
LANGVINSÆLASTA
hangikjötíð í Bónus!

3
FOR 2
OR 2
PIZZA
LATIS
OR FREE

Vertu kátur

359
Frábært ír frestunum

347

40%
afsláttur

-það er komið slátur!

599
3
FOR 2
OR 2
PIZZA
LATIS
OR FREE

1200g
pítsutilboð

299

299

159

159

129

159

198

www.bonus.is

mannlíf

Ábendingar um efni sendist til Thelmu
Hjaltadóttur, thelma@bb.is sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
14. sept., 259. dagur ársins 2006

Pennan dag árið1944 hélt Marlene Dietrich, kvik-myndaleikkonan heimsfræga, sýningu í Tripoli-leik-húsinu í Reykjavík ásamt leikflokki ameríska hersins, við geysilega hrifningu áhorfenda. Meðal boðsgesta var íslenska ríkisstjórnin og forsetinn..

Pennan dag árið 1950 brottlenti flugvélin Geysir á Bárðarbungu á Vatnajökli, á leið frá Luxemborg til Reykjavíkur. Sex manna áhöfn komst lífs af. Flugvélin fannst ekki fyrr en fjórum dögum síðar.

Pennan dag árið 1965 kom breska hljómsveitin Kinks til landsins og hélt átta tónleika í Austurbæjarbíói á fjórum dögum. Alltaf var uppselt. Þessir tónleikar eru taldir hafa markað hápunkt bítlæðisins á Íslandi.

Heimild: Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 10 árum



Eggvopn og fíkniefni

Á fimmtudag í síðustu viku handtók lögreglan á Ísafirði sjö einstaklinga, grunaða um innbrot og fíkniefnamisferli. Fólkið var handtekið eftir að fíkniefni og þýfi fannst við húsleit í tveimur íbúðum á Ísafirði en við leitina var notast við hund frá fíkniefna-deildinni í Reykjavík. Flestir hinna handteknu voru á þrítugsaldri og hafa oft áður komið við sögu lögreglunnar vegna slíkra af-brota. Fimm þeirra var sleppt að loknum yfirheyrslum, en óskað var gæsluvarðhalds yfir tveimur mönnum á föstudag. Þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til þriðjudagsins 17. september en var sleppt seint á laugardagskvöld eftir að málið taldist upplýst. Við leit í húsunum tveimur fundust ýmis tæki og tól til fíkniefnaneyslu auk nokkurs magns af fíkniefnum og hassplöntum. Þá fundust einnig ýmis eggvopn og þýfi sem mun hafa verið stolið úr versluninni Straum á Ísafirði fyrir stuttu. [...] Þrír mannanna munu hafa tjáð lögreglunni að þeir væru haldnir lífrabólgu og einn mannanna sagðist vera sýktur af eyðni.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustan og austan átt, víða 8-10 m/s. Rigning sunnan- og vestanlands en sumsstaðar talsverð rigning suðaustanlands. Hiti breytist lítið.

Horfur á laugardag:

Suðaustan og austan átt, víða 8-10 m/s. Rigning sunnan- og vestanlands en sumsstaðar talsverð rigning suðaustanlands. Hiti breytist lítið.

Horfur á sunnudag:

Útlit fyrir áframhaldandi suðaustan átt. Vætusamt sunnan- og vestantil. Fremur milt í veðri.

● Spurning vikunnar

Telur þú þörf á fastri viðveru sjúkraflugvélar á Ísafirði?

Alls svöruðu 621. – Já sögðu 583 eða 94%
– Nei sögðu 38 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttu? • Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi RKÍ á Vestfjörðum

Haustið skemmtilegur tími

Það er allt gott að fréttu. Hauststarfið í Rauða krossinum er að fara á fullt og við erum ný-búin með þetta risaverkefni, að ganga til góðs, sem gekk vonum fram. Ekki bara vegna peninganna sem safnað var heldur líka hve auðvelt var að fá sjálfbóðaliða. Þetta snýst nefnilega ekki bara um að safna fé heldur líka að gera fólk meðvitað og gefa því tækifæri til að hjálpa. Deildirnar fyrir vestan vinna mörg verkefni saman og því þarf að gera áætlanir. Fyrst fyrir hverja deild út af fyrir sig og svo fyrir svæðið sjálft. Þetta er gert á haustin og því er mest að gera þá. Þetta er mjög skemmtilegur tími því þá lifnar allt við. Það er svo margt sem Rauði krossinn er að gera sem sést ekki, og margir sjálfbóðaliðar á kreiki. Mitt hlutverk hefur verið að halda utan starfið með þeim. Svo er skólastarfið á heimilinu að byrja bæði hjá yngri og elstu börnunum, í grunnskóla og háskóla og maður er innritaður í þetta allt í gegn-um þau. Mér finnst hausttíminn voða skemmtilegur því þá kemst allt í fastar skorður.



Á sýningunni er að finna ýmsa muni sem sýna í hnotskurn líf fólksins sem bjó á Hornströndum.

Saga fólksins á Hornströndum

Sýning undir yfirskriftinni „Af reka og sauðkind“ var opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag. Frænkurnar Sigrún Guðmundsdóttir og Valgerður Jakobsdóttir frá Reykj- arfirði standa fyrir sýningunni en gefst sýningargestum kost- ur á að líta brot úr lífi þeirra sem bjuggu. Afi Valgerðar, Benedikt Hermannsson, var mikill hagleiksmaður og hlutir hans eftirsóttir. Móðir hennar, Matthildur Benediktsdóttir, og amma, Ketilríður Jóhann- esdóttir, voru miklar handa- vinnukonur og á sýningunni verður hægt að skoða hluti svo sem hina víðfrægu laufa- viðarvettlinga en þá er einnig að finna á safni í Sidney í Ástralíu sem dæmi um ís- lenska þjóðlist. Á sýningunni gefst gestum kostur á að líta á brot úr lífi fólks sem þurfti að bjarga sér á rekavið og sauð- kind.

„Hugmyndin að sýningunni kviknaði þegar Sigrún var með námskeið í vettlingagerð í vetur. Ég bara hana undir Sigrúnu og hún tók vel í þetta. Í vor hófum við svo undir- búninginn“, segir Valgerður.

„Sýningin er með sögulegu ívafi, þetta er saga fólksins sem bjó á Hornströndum. Það varð að lifa á því sem datt upp í hendurnar á því, öðruvísi gat það ekki lifað af. Við eigum ekki marga hluti frá Benedikt



Sýningin er með sögulegu ívafi.

Hermanssyni, en við erum með myndir og greinar, en hann lagði stund á húsa-, báta- og búsaðaldasmíðar. Svo eig- um við sem betur fer þó nokk- uð eftir þær, aðallega vett- linga. Þær unnu allan fatnað á heimilisfólkið en hann er horf- inn nú. Fólk gekk nú í ullar- fatnaði frá vöggu til grafar“, segir Sigrún.

Smíðisgripir í borgun

– Var ekki mikil vinna að safna saman þessum hlutum? „Nei, ekki svo. Við áttum nú margt sem komið hafði frá

foreldrum okkar, en Sigrún er systurdóttir mín. Systir mín giftist yfir í næsta fjörð, Furu- fjörð, svo að það æxlaðist að margt frá Reykjarfirði varð- uð eftir þær, aðallega vett- linga. Þær unnu allan fatnað á heimilisfólkið en hann er horf- inn nú. Fólk gekk nú í ullar- fatnaði frá vöggu til grafar“, segir Valgerður.

„Smíðagripir Benedikts voru til nánast á hverjum bæ á Hornströndum því að hann smíðaði búsaðöld og verkfæri og menn tóku það í skiptum fyrir eitthvað annað. Þegar hann keypti Reykjarfjörð 1894, að mig minnir, af bænd- um í Æðey þá borgaði hann afborganir með varningi. Margir af hans smíðisgripum

rata því þangað þegar hann var að borga upp jörðina. Það var talað um að borga ætti í 30 kílóum af fiðri og álíka af smjöri eða öðrum hlutum ef um semdist. Það hefur ekkert alltaf verið til nóg af fiðri og smjöri og þá hafa verið notaðir smíðisgripir úr rekaviði og verkfæri og slíkt til að borga. Þessir munir sem eru til sýnis sýna í hnotskurn hvernig fólk á þessum stað lifði. Það vildi bara svo til að á þessu heimili fór saman þessi mikla verklagni og verkþekking. Þannig var þetta á öllum bæj- um en þau kunnu kannski eitt- hvað meira en hinir og þar af leiðandi gátu þau notað muni sína í vöruskiptum. Það t.d. skipst á brauði, fiski og lýsi í staðinn fyrir diska eða fötu. Þannig gekk þetta og það er sérstakt því að þetta er ekki svo langt frá okkar tíma. Flest- ir munirnir sem við sýnum á sýningunni eru um hundrað ára gamlir en svona gekk þetta lengi vel. Sýningin hefur þróað sem segir frá lífi þessa fólks, sem má herma upp á lífsbar- áttu fólks á Hornströndunum öllum. Benedikt lærði t.d. smíðar á Horni og Ketilríður lærir handavinnu sína á Jökul- fjörðunum. Svo þau leituðu ekki langt“, segir Sigrún. Sýn- ingin er opin í Safnahúsinu á opnunartíma hússins næstu vikurnar.

● **Borgin mín** • Jónas Tómasson, tónskáld á Ísafirði

London stórkostleg á alla kanta



„Prag kemur strax upp í hugann. Byggingarnar eru stórkostlegar og hún hefur náttúrlega verið hreinsuð svo mikið síðan við komum þangað fyrst fyrir 20 árum, bara mjög heillandi borg. London er stórkostleg á alla kanti, og þá t.d. leikhúslífið. Svo er ein lítill borg, sem þó er ekki svo lítill, Kraká. Ég hef komið þangað nokkrum sinnum og ég vil gjarnan koma þangað sem oftast aftur. mjög falleg borg og mikið menningarlíf. Þetta eru borgir sem ég myndi hikaust vilja heimsækja aftur og aftur.“



● **Orðrétt af netinu** • www.frelsi.is

Herförin gegn stóriðjunni

Allar götur síðan fyrsta málmbæðslan/álverið reis hér á landi hafa ýmsir sett sig á móti áformum stjórnvalda og reikni-stokksstofnana, sér í lagi náttúruverndarsinnar, um byggingu virkjana til að sjá sívaxandi stóriðju landsins fyrir hreinni og tærri orku sem „hvergi annars staðar í heiminum er hægt að framleiða“. Hvernig stendur á þessu mótlæti þar sem stóriðjan á skila landsmönnum miklum þjóðhagslegum ávinningi svo ekki sé talað um öll jaðaráhrifin á aðrar atvinnugreinar? Hvers vegna mega stjórnvöld ekki virkja þessa miklu orku sem er til staðar þar sem landið er að mestu leyti ónýtt og óspilt? Þurfa Íslendingar ekki að gernýta loft, láð og leg landsins?

„Nauðsynlegt er að hafa slíkt nemendafélag hér heima“

Félag háskólanema á Vestfjörðum var endurvakið miðvikudaginn 6. september síðastliðinn, en starfsemi þess hafði legið niður undanfarin ár. Félagið var stofnað af hópi fjarnema árið 2001 og er því orðið fimm ára gamalt. Góðmennt var á fundinum, þó ekki hafi verið fjölmennt og sköpuðust fjörugar umræður um hlutverk og starfsemi nemendafélaga almennt. Eins var kastað fram ýmsum hugmyndum um hvert hlutverk Félags háskólanema á Vestfjörðum ætti að vera. Eftir töluverðar umræður var ákveðið að skipa þriggja manna framkvæmdastjórn félagsins sem mun sjá um rekstur félagsins. Í stjórn voru kjörin Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Þorsteinn Másson og Þuríður Sigurðardóttir. Meðal verkefna nýrrar stjórnar verður að semja ný lög og markmið félagsins. En samkvæmt þeim hugmyndum sem komu fram á fundinum verður lögð áhersla á hagsmunagæslu fyrir háskólanema á svæðinu, sem og uppbyggingu félagslífs.

„Á næstu vikum og mánuðum verður starfið mótað frekar, en stefnt er að því að fréttir af starfi félagsins, sem og grunnupplýsingar um starfsemi þess, verði fljótlega að-



Albertína Elíasdóttir.

gengilegar á heimasíðu Háskólaseturs Vestfjarða. Á þeirri síðu verður jafnframt hægt að skrá sig á póstlista félagsins og fá þannig reglulega upplýsingar um atburði á vegum félagsins. Meðal annars er stefnt að því að halda árshátíð háskólanema á Vestfjörðum og að farið verði í tvær vísindaferðir, haust og vor, að fyrirmynd annarra nemendafélaga í háskólum landsins“, segir Albertína nýkjörin formaður félagsins.

„Vonast er til að starfsemi félagsins verði öflug því að nauðsynlegt er að hafa slíkt nemendafélag hér heima fyrir þar sem margir fjarnemar stunda nám sitt einir og í litlum samskiptum við aðra háskólanema. Því er mjög nauðsynlegt að til sé einhver



Háskólasetur Vestfjarða.

félagsskapur þar sem námsmenn hittast og fullnægi hinum félagslega þætti námsins, sem er ekki síður mikilvæg hlið á háskólanámi og sjálft námið. Einnig er vonast til þess að félagið komi til með að nýta stund hagsmunafélag bæði fyrir nemendur og framtíðarháskólanema til þess að gæta aðhalds og vinna að málum nemenda gagnvart háskólunum, sem hafa sýnt fjarkennslu og fjarnemum mismikinn áhuga.

Það er nauðsynlegt að standa vörð um fjarnámið og vinna að því að efla það og að auka fjölbreytni þess námsframboðs sem háskólanir bjóða upp á í fjarnámi.

Fjarnámi hefur vaxið fiskur um hrygg síðan háskólanir fóru fyrst að bjóða upp á það en samt sem áður er staðreyndin enn sú að fjarnemar þurfa sumir að heyja baráttu við sinn háskóla til þess að fá þá þjónustu sem þeim ber.

Þetta er þó mjög misjafnt á milli háskóla, sumir standa sig betur en aðrir hvað fjarnám snertir, en félag sem þetta, Félag háskólanema á Vestfjörðum, getur haft mikið að segja og það er von þeirra sem að endurvakningu félagsins standa að háskólanemar í fjarnámi komi til með að láta sig þessi mál varða og vera virkir í starfsemi félagsins.“

– thelma@bb.is

● **Stuttar fréttir**



BB á Nýja-Sjálandi

Bæjarins besta fer víða og lesendahópur þess nær langt út fyrir landsteinana, en það sýndi sig glögglega á dögnum þegar Guðmundur Harðarson blaðberi BB í Nýja-Sjálandi afhenti Helgu Guðrúnu Magnúsdóttur frá Ísafirði eintak af blaðinu. Helga Guðrún dvelur þar um þessar mundir sem skiptinemi á vegum AFS.

Stemma stigu við fjölgun refs

Gera á úttekkt á refa- og minkaveiði á Vestfjörðum. Þetta er meðal þess sem fram kom á 51. Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var í Súðavík á dögnum. Þingið fól stjórn Fjórðungssambandsins að skipa vinnuhóp sem hafi það markmið að gera úttekkt á refa- og minkaveiðinni. Vinnuhópurinn á svo að koma með tillögur um samræmdar aðgerðir sveitarfélaga til að ná tökum á mikilli fjölgun á ref og mink á Vestfjörðum. Þá skoraði fjórðungsþingið á umhverfisráðuneytið að auka þátttöku ríkisins í þeim mikla kostnaði sem felst í refa- og minkaveiðum

Sundlaugargarður í Víkinni

Íþrótt- og æskulýðsráð Bolungarvíkur hefur ákveðið að skipuð skuli nefnd um byggingu sundlaugargarðs við sundlaug Bolungarvíkur í íþróttamiðstöðinni Árbæ. Ákveðið var að nefndina skipi formaður íþrótt- og æskulýðsráðs, Jón Steinar Guðmundsson, forstöðumaður Árbæjar, Gunnar Hallsson, og einn frá almenningi, en ákveðið var að Sigurgeir Sigurgeirsson yrði fulltrúi almennings.

● **Brennslan mín** • Braga Ósk Bragadóttir húsmóðir á Ísafirði

Æði fyrir 80's tónlist

1. Breakfast at Tiffany's – Deep blue something
Jú þetta lag minnir mig ómetanlega á Ingu Jónu og Thelmu vinkonur mínar, það var sko mikið hlustað á þetta á árunum '97.

2. You're the first, the last, my everything – Barry white
Diskurinn minn með þessu lagi er einn af mörgum sem ég hef keypt bara út af einu lagi og það átti sko við þegar ég keypti þennan.

3. Nú brennur tú í mær – Eivör Páls
Ég fékk bara brjálað æði

þegar ég heyrði þetta lag og varð að kaupa diskinn með henni og gefa henni tækifæri.

4. Black – Pearl Jam
Það er sko bara æsku árin mín eins og leggur sig, hún Hafdís vinkona mín kemur sterk inn í hugann minn, við hreinlega misstum okkur, hann Eddi Vedder var bara goðið okkar á háu stigi ég var og er rosalegur aðdáandi þessarar hljómsveitar og fer bara á gelgjuna þegar ég heyrir í þessari hljómsveit.

5. Söknudur – Villa Villa
Einhverja hluta vegna hugsna ég alltaf til mömmu þegar ég

heyri þetta fallega lag og flest öll lög með Villa eru í mínu uppáhaldi

6. Breath easy – Blue
Ég á sterkar minningar um þetta lag. Hlustaði á þetta lag daginn út og daginn inn þegar ég var að vinna í Reykjavík, þetta er bara æðislegt lag.

7. Alone með Urmull
Það var ekkert smá sem þeir í Urmul komu sáu og sigrðu þegar þeir gáfu út diskinn Ull á víðavangi, og maður var ekki lengi að fara og kaupa diskinn. Hjalti og co voru bara flottir og ekki var nú leiðinlegt að fá að hanga yfir þeim á æfingum

inn í Grænagarði. Æðislegur tími þar á ferð.

8. Hvar er draumurinn – Sálín hans Jóns mín
Inga Jóna, Inga Jóna, Inga Jóna er bara efst í mínum huga þegar Sálín er nefnd, því við Inga erum bara aðdáendur nr. 1,2,3 og vorum ekki lengi að skella okkur hvert sem er til að vera fremstar við sviðið.

9. Austur/þýsk – Á móti sól
Bara þrælskemmtilegt og þrusu hresst lag, eitthvað fyrir mig.

10. Brother Louie – Modern Talking



Braga Ósk Bragadóttir.

Ef einhver er með æði fyrir '80 tónlist þá er það ég, því ég hreinlega elska þessa tónlist og ekki er langt síðan ég tróð henni inn á Guðrúnu vinkonu mína sem er þokkalega búin að redda sér heilum áratug af diskum.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Sjáumst á
Suðureyri!



Ísafjarðarbær hyggst verða fyrirmyndarsveitarfélag á sviði almannavarna

Almannavarnarnefnd Ísafjarðarbæjar stendur að samstarfsverkefni um langtímaviðbrögð við náttúruvá ásamt Háskóla Íslands og úrvalshópi sérfræðinga á sviði almannavarna. Ísafjarðarbær tekur þátt í verkefninu með það að markmiði að verða fyrirmyndarsveitarfélag á þessu sviði. Almannavarnir á Íslandi hafa hingað til lagt megináherslu á björgun mannlífa, og á að gera viðbragðsaðilum og ábyrgðarmönnum kleift að vinna hratt og örugglega, en skipta má viðbrögðum í kjölfar náttúruhamfara í þrjá meginþætti; björgun mannlífa, neyðaraðstoð og uppbyggingu.

Reynsla eftir fyrri áföll hérlandis sýnir að mikið skortir á að síðastnefndu tveimur þáttunum sé sinnt með skipulögðum og skilvirkum hætti. Hefja á rannsóknir til þess að greina hvað skiptir máli varðandi almannavarnir og aðstoð til fólks þegar frá líður atburðinum. Markmiðið er að fá svör við spurningum eins og hvaða aðstoð þurfi að veita, hversu vítt hún þurfi að ná og hversu lengi þurfi að veita hana. Þá þarf að koma á hreint hvernig eigi að skipuleggja þessa aðstoð hvað varðar ákvarðanatöku, framkvæmd, eftirfylgni og kostnað.

Háskóli Íslands hyggst leggja til sérþekkingu til verk-

efnisins ásamt sumum helstu sérfræðinga landsins í almannavörnum og áfallastjórn. Verkefnið er unnið í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið Rainrace, almannavarnardeild ríkislögreglustjóra, Rauða krossinn, Viðlagatryggingu og fulltrúa annarra stofnana og samtaka sem gegna lykilhlutverki við hina ýmsu þætti almannavarna.

Í kjölfar rannsókna og greiningar verða settar fram viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar, bæði almennar fyrir öll sveitarfélög og sértækar fyrir Ísafjarðarbæ. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Íslands, Bjargráðasjóði og Félagsmálaráðuneytinu.



Ísafjörður.

Erlendu vinnuafli fækkar

Á Vestfjörðum hefur erlendu vinnuafli fækkað undanfarin ár samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands.

Árið 1998 var fólk með erlent ríkisfang 8,6 prósent af vestfirskum vinnumarkaði en árið 2005 var hlutfall þess komið í 7,8 prósent.

Á þessum árum fækkaði verulega á vinnumarkaðnum, fólk með erlent ríkisfang fækkaði úr 390 einstaklingum í 320 og Íslendingum fækkaði um 390, eða úr 4490 árið 1998 í 4080 árið 2005.

Fundað um sjúkraflutninga

Fulltrúar frá heilbrigðisráðuneytinu voru á Ísafirði á fimmtudag að funda um sjúkraflutninga. Ísafjarðarbær sinnir sjúkraflutningum í verktöku fyrir ríkið en nokkuð er síðan þeim samningum var sagt upp.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir að breyttar rekstrarforsendur hafi valdið því að samningunum var sagt upp. Samningurinn hefur verið framlengdur um einn mánuð í senn. Halldór segist búast við að menn nái sameiginlegri niðurstöðu í bráð.



Leikskólinn Sólborg; Ungum Vestfirðingum fækkar hraðar en þeim sem eldri eru.

Ungum Vestfirðingum fækkar

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað í öllum aldurshópum frá miðju ári 2005 nema 30-39 ára, 50-59 ára og 70-79 ára, samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands um miðársmannfjölda. Börnum á aldrinum 0-9 ára á Vestfjörðum fækkaði um 57 á milli ára,

úr 1.055 í 998. Börnum og unglingum á aldrinum frá 10-19 ára fækkaði um 40 einstaklinga á Vestfjörðum, úr 1.277 í 1.237. Íbúum á Vestfjörðum á aldrinum frá 20-29 fækkaði um 59, úr 1.101 í 1.042. Eins og áður segir fjölgaði íbúum á aldrinum 30-39, en fjölgunin

var þó ekki sérlega gríðarleg, en þeir eru 939 í ár en voru 931 í fyrra.

Einstaklingar á aldrinum 40-49 ára voru 1.204 á Vestfjörðum í fyrra en eru nú 1.174 og hefur því fækkað um 30. Einstaklingum á aldrinum 50-59 fjölgaði um 23, úr 876 í

899. Fólk á aldrinum 60-69 fækkaði um 3, úr 552 í 549, en einstaklingum frá 70-79 fjölgaði um 14, úr 455 í 469. Íbúar á aldrinum frá 80-89 eru jafn margir bæði árin, 188. 33 voru á tíræðisaldri í fyrra, en 27 í ár. Þá er einn einstaklingur yfir 100 ára gamall.

Íbúum Vestfjarða á aldrinum frá 0-29 ára fækkar þannig um 4,5% á milli ára, úr 3.433 í 3.277. Íbúar á aldrinum frá 30-59 fjölgar þá um einn, úr 3.011 í 3.012. Það er því ljóst að ungum Vestfirðingum fækkar nokkuð hraðar en þeim sem eldri eru. – eirikur@bb.is

Verður ratsjárstöðinni á Bolafjalli lokað?

Í kjölfarið á ákvörðun Bandaríkjamanna að kalla her sinn heim eftir áratugaveru á Íslandi er ljóst að framtíð Ratsjárstofnunar er í óvissu. Herinn hefur notað upplýsingar frá ratsjárstöðvunum við rekstur loft-

varmarkerfis síns en kerfið var lagt niður í júní og hafa Bandaríkjamenn engan áhuga á að reka stöðvarnar lengur þar sem þær hafi ekkert hernaðarlegt gildi. Bandaríkjamenn greiða rekstur Ratsjárstofnunar, alls 1,2 miljarðar á ári.

Fyrir ári var starfsemi ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli skorin niður, störfum fækkað og auknum hluta af verkefnum sem starfsmenn höfðu sinnt fluttust til stöðvarinnar á Miðnesheiði. Fundur viðræðunefnda Íslands og Banda-

ríkjanna verður í vikunni og Valgerður Sverrisdóttir sagði samtali við RÚV að málefni ratsjárstöðvanna væri meðal þess sem rætt yrði á fundinum og lagði hún áherslu á að þær verði starfræktar áfram.

Hvort íslensk stjórnmöld

taki að sér að greiða fyrir rekstur Ratsjárstofnunar er ekki ljóst en samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn er ekki hægt að reka innanlandsflug hérlandis án þeirra merkja sem berast frá stofnuninni. – smari@bb.is